



KJÓSARHREPPUR

AÐALSKIPULAG 2017-2029

Forsendur og umhverfisskýrsla



1. mars. 2018

Breytt 20. sept. 2018



Skipulagsstofnun

Mótt.: 12. des. 2018
Málnr.



STEINSHOLT

Kjósarhreppur

Aðalskipulag 2017-2029

Gísli Gíslason

Ingibjörg Sveinsdóttir

Ásgeir Jónsson

Guðrún Lára Sveinsdóttir

Mynd á forsiðu er af Meðalfellsvatni.

SKIPULAGSGÖGN

Sveitarfélagsuppdráttur, byggð í mkv. 1:50.000.

Greinargerð - skipulagsskilmálar.

Forsendur og umhverfisskýrsla.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
1.1	Gildandi skipulag	3
1.2	Efnistöð	3
2	STAÐHÆTTIR	3
2.1	Jarðfræði	4
2.2	Grunnvatn og lindasvæði	4
2.3	Gróðurfar, landgræðsla og skógrækt	4
2.4	Veðurfar	5
2.5	Dýralíf	5
2.6	Náttúruvá	5
2.6.1	Jarðskjálftar	6
2.6.2	Önnur náttúruvá	6
2.7	Hlunnindi	7
2.7.1	Veiði	7
2.7.2	Hagnýt jarðefni	7
2.8	Vernd	7
3	ÍBÚAR, ATVINNA OG BYGGÐ	7
3.1	Íbúðpróun, aldursdreifing og íbúaspár	7
3.2	Atvinna	9
3.3	Ferðaþjónusta	10
3.4	Opinber þjónusta og samstarf sveitarfélaga	11
4	UMHVERFISSKÝRSLA	14
4.1	Tengsl við aðrar áætlanir	14
4.1.1	Landsskipulagsstefna	14
4.1.2	Höfuðborgarsvæðið 2040	17
4.1.3	Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 - 2020	19
4.1.4	Aðrar áætlanir og stefnumið	20
4.2	Aðferðarfræði umhverfismats	22
4.2.1	Vægi umhverfisáhrifa	22
4.2.2	Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið	23
4.2.3	Valkostir og vinsun kosta	24
4.3	Umhverfismat	24
4.3.1	Íbúðarbyggð	25
4.3.2	Frístundabyggð	26
4.3.3	Verndun landbúnaðarlands í flokki I og II	27
4.3.4	Byggingar á landbúnaðarlandi	28
4.3.5	Skógrækt	29
4.3.6	Verslun- og þjónusta	29
4.3.7	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	30
4.3.8	Íþróttasvæði	31
4.3.9	Stakar framkvæmdir	33
4.3.10	Efnistöðkusvæði	34
4.3.11	Strandsvæði	35
4.3.12	Samgöngur	35
4.4	Tilkynninga- eða matsskyldar framkvæmdir á skipulagstímabilinu	36
5	HEIMILDIR	37

1 INNGANGUR

Sveitarfélagið Kjósarhreppur er í sunnanverðum Hvalfirði og er um 290 km² að stærð. Kjósarhreppur liggur að stórum hluta að sjó en sveitarfélagamörkin liggja frá ósum Kiðafellsár og fylgja henni í Kerlingargil í norðanverðum Esjuhlíðum. Þaðan liggja mörkin eftir Esjunni austur fyrir Skálafell og stefna þaðan á Botnssúlur og svo niður að sjó skammt sunnan við ósa Botnsár.

Helstu atvinnuvegir eru landbúnaður og ferðaþjónusta. Ferðaþjónustan er, líkt og víðar, ört vaxandi atvinnugrein og mörg frístundahús eru í sveitarfélaginu. Ekkert þéttbýli er í sveitarfélaginu.

Landslag í Kjósarhreppi er fjölbreytt og setja fjöll og dalir mikinn svip á svæðið. Undirlendi er takmarkað en er engu að síður grösugt og sums staðar vel fallið til landbúnaðar og ræktunarskilyrði ágæt.



Mynd 1. Kjósarhreppur.

Hér á eftir er fjallað um helstu forsendur sem liggja að baki stefnumörkunar í Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029. Einnig er fjallað um hugsanleg umhverfisáhrif af stefnunni og bornir saman mismunandi kostir. Aðalskipulaginu er ætlað að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnu og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

1.1 GILDANDI SKIPULAG

Í gildi er Aðalskipulag Kjósarhrepps 2005 - 2017. Nýtt aðalskipulag er unnið á grunni þessarar stefnumörkunar. Gerðar hafa verið fimm breytingar á gildandi aðalskipulagi. Þrjár þeirra snúast um að landbúnaðarlandi var breytt í frístundabyggð og í einu tilfelli í íbúðarbyggð. Einnig var skilgreint athafnasvæði á Möðruvöllum.

1.2 EFNISTÖK

Fjallað er um staðhætti í sveitarfélaginu (kafla 2) s.s. veðurfar, náttúru, dýralíf, grunnvatn og lindasvæði. Einnig er fjallað um náttúruvá (kafla 2.6). Sömuleiðis er minnst á hlunnindi (kafla 2.7) og vernd (kafla 2.8). Þá er fjöldi minja og sögustaða í sveitarfélaginu.

Í kafla 3 er tekið saman yfirlit yfir íbúapróun og yfirlit yfir fjölda búfjár. Þá er opinber þjónusta og samstarf sveitarfélaga stór þáttur í öllum samfélögum.

Umhverfisáhrifum af stefnu aðalskipulagsins eru gerð skil í kafla 4, greint frá tengslum við helstu áætlanir og bornir saman mismunandi valkostir fyrir þá stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu, eftir því sem við á.

2 STAÐHÆTTIR

Sveitarfélagið Kjósarhreppur er í norðanverðri Kjósarsýslu, í sunnanverðum Hvalfirði, og liggur að þremur sveitarfélögum, Reykjavík í vestri og suðri, Bláskógabyggð í austri og Hvalfjarðarsveit í norðaustri. Ekkert þéttbýli er í sveitarfélaginu.

2.1 JARÐFRÆÐI

Í Kjósarhreppi er fjölbreytt landslag, fjöll, dalir, lækir og fossar að ógleymdri strandlengjunni. Meðal fjalla í sveitarfélaginu eru Esja, Móskaðshnjúkar, Skálafell, Sandfell, Sandsfjall, Eyrarfjall, Meðalfell og Kjölur. Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að „berggrunnur sveitarfélagsins er að mestu leyti súrt gosberg sem er eldra en 11.000 ára. Basískt og ísúrt gosberg sem eru 0.8 - 3.3 milljón ára er einkum að finna á fjórum stöðum; utan í vestanverðum Reynivallahálsi, austan í Möðruvallahálsi, Móskaðshnjúkum, og Stóröxl í Kjósarskarði. Basísk og ísúr hraun- og setlög yngri en 0.8 milljón ára er einkum að finna í Kjósarskarði. Basískt og ísúrt mó- og bólstraberg yngri en 0.8 milljón ára eru á tveimur stöðum, þ.e. í Botnssúlum og á Hryggjum. Hálshólar við norðanverðan Laxvog munu vera díórítinnskot“. Í Esju er að finna basalt- og móbergslög á víxl en hún er talin hafa myndast á fyrri hluta ísaldar. Móskaðshnjúkar ausan Esju eru gerðir úr líparíti. Botnssúlur eru gömul megineldstöð sem talin er hafa myndast við gos undir jökli á síðari hluta ísaldar (Landlínur, 2005).

2.2 GRUNNVATN OG LINDASVÆÐI

Kjósarhreppur liggur á milli fjalls og fjöru og berggrunnurinn er allþéttur svo ár og lækir eru áberandi. Vatnslitlar lindir eru víða s.s. í skriðum og áreyrum (Landlínur, 2005). Helstu votlendissvæðin eru í Laxárdal og á milli Laxvogs og Bugðu.

Jarðhita er að finna á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu s.s. í landi Hvammsvíkur, Hvamms, Fremri-Háls, Möðruvalla, Grímsstaða og Sogns.

Meðalfellsvatn er stærsta stöðuvatnið í Kjósarhreppi. Önnur vötn eru talsvert minni s.s. Myrkavatn, Sandvatn, Eyjatjörn og Sandfellstjörn.


2.3 GRÓÐURFAR, LANDGRÆÐSLA OG SKÓGRÆKT

Gróðursæld er mjög mikil á undirlendinu t.d. í Laxárdal, Eyjakrók, í Brynjudal og Miðdal.

Á vegum Skógræktarinnar er stunduð skógrækt á tveimur jörðum og hófst plöntun á árunum 2003 og 2004. Skjólbeltarækt er einnig á tveimur jörðum. Skógrækt og skjólbeltarækt er stunduð á fleiri jörðum á vegum skógræktarféлага og einstaklinga. Einnig er nokkuð umfangsmikil skógrækt innan íbúðar- og frístundasvæða í sveitarfélaginu en hún er ekki sýnd sérstaklega á uppdráttum. Samkvæmt upplýsingum frá Skógræktinni skráir Rannsóknastöð Skógræktar á Mógilsá stærð ræktaðs skóglendis og náttúrulegs birkikjarrs. Samkvæmt þeim gögnum eru um 558 ha af ræktuðu skóglendi í Kjósarhreppi og um 310 ha af náttúrulegu birkikjarr. Náttúrulegt birkikjarr vex víða í sveitarfélaginu s.s. í Brynjudal, Fossárdal og við Vindáshlíð. Á þessum svæðum er jafnframt stunduð skipulögð skógrækt.

2.4 VEÐURFAR

Fáeinar veðurstöðvar hafa verið reknar í Kjósarhreppi en engin þeirra er nú í rekstri. Nokkrar veðurstöðvar eru þó í nágrenninu, s.s. sjálfvirkar veðurstöðvar Vegagerðarinnar við Blikadalsá og á Mosfellsheiði og stöð Veðurstofunnar við Þyril, norðanmegin í Hvalfirði. Engin þeirra gefur þó góða mynd af veðurfari í hreppnum. Upplýsingar um hita og vind eru því takmarkaðar, en til eru meðaltöl úrkomu á árabílinu 1971 – 2000 frá Meðalfelli og Stóra-Botni í Botnsdal. Láglandi í hreppnum er að mestu í dölum og fjöllin í kring ákveða því ríkjandi vindáttir. Mynd 2 sýnir meðaltalsvindrósir á svæðinu, byggðar á lofthjúpsreikningum í 3 km möskvaneti. Vindrósir sýna tíðni vindátta. Þar sést vel að suðaustanátt er ríkjandi vindátt, enda lega dala á þessu svæði úr suðaustri til norðvesturs. Suðaustanáttin er líka helsta hvassviðrisáttin og í áranna rás hefur oft orðið tjón vegna suðaustan hvassviðris. Úrkoma er einnig undir áhrifum landslags, en fremur er úrkomusamt og víða má gera ráð fyrir úrkomumögnun vegna fjalla. Sem dæmi má nefna að 30 ára meðalúrkoma á Meðalfelli var 993 mm á árunum 1971 – 2000, en 1602 mm í Stóra-Botni. Þetta samsvarar um 121% og 195% af úrkomu í Reykjavík á sama tímabili.



Mynd 2. Til vinstri: Vindrós fyrir Meðalfellsvatn þar sem tíðni suðaustanáttar er sýnd í miðju rósarinnar. Til hægri: Vindrósir í Kjós. Vindrósirnar eru byggðar á lofthjúpsreikningum í 3 km möskvaneti. Heimild: vindatlas.vedur.is.

2.5 DÝRALÍF

Villt spendýr í Kjósarhreppi eru eins og víðast hvar á landinu minkar, refir og mýs. Fuglalíf telst auðugt og fjölbreytt enda bæði votlendi og birkikjarr víða. Í birkikjarrinu er mikið um skógarþröst og í mólendi eru lóa, spói og hrossagaukur. Þá eru vargfuglar eins og veiðibjalla, smyrill og kjói og vitað er til þess að fálki hefur verpt í sveitinni. Hrafnar eru einnig algengir. Mýrlendið er varpsvæði jaðrakans og stelks, gæsir eiga þar athvarf vor og haust og áltir verpa víða við tjarnir og vötn (Gísli Sigurðsson, 1998).

Votlendi er mikilvægt búsvæði fyrir fugla. Yfir 90% fugla byggja afkomu sína að einhverju eða öllu leyti á votlendi. Af þeim 75 tegundum fugla sem verpa hér á landi nota 54 tegundir votlendi meira eða minna til varps og fæðuöflunar á varptíma.

Fiskur veiðist víða í vötnum og ám, sjá nánar í kafla 2.7.1.

2.6 NÁTTÚRUVÁ

Í grein 6.3 í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er náttúruvá skilgreind sem „svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri)“.

Í grófum dráttum má skipta áhrifum náttúruhamfara í þrennt þ.e.a.s. félagsleg-, eðlis- og efnahagsleg áhrif. Hverjum þessara þátta hefur síðan verið skipt upp í bein áhrif og afleidd áhrif. Þá er ljóst að náttúruhamfarir geta hafa áhrif á mjög stórum svæðum t.d. þegar raforku-, fjarskipta- eða samgöngukerfi skemmast eða eyðileggjast.

Samkvæmt lögum er það hlutverk Almannavarna ríkisins að skrá og gera úttekt á hættusvæðum á landinu og framkvæma hættumat. Hingað til hefur þessi vinna nær eingöngu einkorðast við þéttbýlisstaði á landsbyggðinni. Kjósarhreppur liggur utan virkasta gosbeltisins á Íslandi.

2.6.1 Jarðskjálftar

Kjósarhreppur er í jaðri Suðurlandsskjálftabeltisins en það er sniðgengisbelti sem nær frá Vatnafjöllum í austri vestur um Ölfus. „Breidd svæðisins er um 8-10 km og lengd þess um 70 km. Samkvæmt sögunni hafa jarðskjálftar sem náð hafa allt að 7,1 að stærð oft valdið miklu tjóni á svæðinu. Plötuhræfingarnar eru með þeim hætti að svæðið norðan við beltið færast til vesturs. Við þessa færslu bognar nokkurra tuga kílómetra breytt svæði og spennuorka byggist upp í því. Þessi orka leysist út í mörgum skjálftum sem eru með brotaplön þvert á meginrekhræfinguna. Einstaka skjálftar leysast úr læðingi með sniðgengishreyfingu á brotaplönunum sem liggja frá norðri til suðurs, þvert á AV beltið. Upphlaðin spenna á beltinu í heild leysist þannig úr læðingi í mörgum skjálftum á NS sprungum, frá austri til vesturs eftir beltinu“ (Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson, & Páll Halldórsson, 2000).

Það tjón sem einkum hlýst af jarðskjálftum vegna eðlislegra þátta er vegna sprungna á yfirborði, skemmda á mannvirkjum, breytinga á grunnvatnsstöðu og landsígs. Þá geta jarðskjálftar leitt til annarra náttúruhamfara, s.s. skriðufalla og flóða í ám.


Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í sex hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina 0,5g, en það er 50% af þyngdarhröðuninni. Við hönnun mannvirkja þarf að taka mið af hönnunarhröðun innan hvers svæðis. Veruleg sveiflumögnun getur orðið á hraunlögum ofan á setlögum samanborið við jarðskjálftaáhrif á klöpp.

2.6.2 Önnur náttúruvá

Á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu hefur Veðurstofan unnið svokallað staðbundið hættumat þar sem skoðaður er afmarkaður reitur sem ætlaður er fyrir byggingar. Ekki eru afmörkuð hættusvæði í slíkum tilvikum.

Grjóthrun, aurskriður og snjóflóð

Í ofanflóðagagnagrunni Veðurstofunnar og Náttúrufræðistofnunar eru 113 skráningar á ofanflóðum þar sem í flestum tilvikum er um að ræða skriðuföll og grjóthrun en auk þess nokkur snjóflóð. Tjón á mannvirkjum hefur þó ekki orðið mikið í gegnum aldirnar heldur aðeins á tünunum og engjum. Í bókinni Skriður og snjóflóð er þess getið að á 17. öld hafi snjóflóð aftekið bæinn á Þorlaksstöðum. Einnig tók af bæ og kirkju á Reynifelli árið 1699 (Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason, 1992). Báðir bæir hafa verið fluttir úr stað. Ekki hefur verið unnin úttekt / hættumat vegna ofanflóða í sveitarfélaginu en hjá Veðurstofunni fengust upplýsingar um þekkt snjó- og aurflóð sem grandað hafa eignum og valdið manntjóni fyrr á öldum. Síðast er vitað um manntjón á bænum Hjalla árið 1955 af völdum aurflóðs og í Morgunblaðinu þann 24. febrúar 1972 var svohljóðandi umfjöllun um skriðuföll og vatnsveður við Meðalfellsvatn: „Vatnið flæddi upp að öllum sumarbústöðunum við vatnið og sunnan við það var vatn komið



Mynd 3. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði m.v. 500 ára endurkomutíma. Heimild: Björn Ingi Sveinsson og Páll Halldórsson, 2002, 2009.

inn í sumarbústaðina. Yfir veginn austur með vatninu höfðu margar skriður fallið í fyrrinótt, en Vega-gerðin var búin að lagfæra veginna þar. Stærsta skriðan, sem mest ummerki voru eftir, féll austur undir bænum Hjalla, og hafði þar opnast í miðri fjallshlið liðlega 100 metra langt gil allt að 8 metra djúpt. Var mikið stórgrýti í skriðunni og mold. Skriðan féll um 200 m fyrir vestan bæinn Hjalla, en fyrir nokkrum árum féll skriða þarna á bæinn og fór hún í gegnum bæjarhúsin” (Morgunblaðið, 1972).

Gróður- og kjarreldar

Ekki hefur verið unnið áhættumat fyrir sumarhúsabyggðir eða önnur skógarsvæði í sveitarfélaginu vegna mögulegrar eldhættu. Sumarhúsabyggðir eru í nokkurri áhættu þar sem gróður er þéttur og mikill, land erfitt yfirferðar og í halla og þéttleiki bústaða mikill. Á þeim svæðum gætu gróðureldar haft alvarlegar afleiðingar. Fjallað er um varnir gegn gróðureldum á vefsíðunni www.grodureldar.is.

2.7 HLUNNINDI

Helstu hlunnindi í sveitarfélaginu eru af veiði og efnistöku.

2.7.1 Veiði

Laxá í Kjós og Bugða eru meðal bestu laxveiðiáa landsins og þar hafa veiðst að meðaltali um 1150 laxar á ári síðustu ár (*“Laxá í Kjós,” 2016*). Bugða rennur úr Meðalfellsvatni og lax gengur upp í það auk þess sem þar veiðist bleikja og urriði. Einnig er veiði í Dælisá, Kiðafellsá og Brynjudalsá.

2.7.2 Hagnýt jarðefni

Engin heildstæð úttekt hefur verið gerð á hagnýtum jarðefnum á svæðinu. Í samræmi við Skipulagslög nr. 123/2010 og 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 þá ber að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir allri efnistöku. Gerð er grein fyrir efnistöku á greinargerð aðalskipulagsins og þeir sýndir á skipulagsuppháttum.

2.8 VERND

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 eru náttúruverndarsvæði skilgreind á eftirfarandi hátt:

- „a. Friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda sem vernduð eru skv. 1. mgr. 56. gr.
- b. Svæði og náttúrumyndanir á B- og C-hluta náttúru-minjaskrár, sbr. 33. gr.
- c. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags“ (*Alþingi Íslands, 2015*).

Kjósarhreppur nýtur nokkurrar sérstöðu vegna þess hve stór hluti sveitarfélagsins er á náttúru-minjaskrá. Flestar jarðir lenda innan þess svæðis en allt vatnasvið Laxár og Laxvogur eru á náttúru-minjaskrá sem og Meðalfellsvatn. Auk þess er Brynjudalur á náttúru-minjaskrá.


Nánar er fjallað um þessi svæði í greinargerð aðalskipulagsins (kaflí 2.7.1). Þar er einnig fjallað um minja-vernd og skráningu minja (kaflí 2.7.2).

3 ÍBÚAR, ATVINNA OG BYGGÐ

Í kaflanum er fjallað um íbúafjölda í Kjósarhreppi og byggir umfjöllunin á opinberum gögnum frá Hagstofu Íslands (kaflí 3.1). Þá er fjallað um atvinnumál og helstu atvinnuvegi í sveitarfélaginu (kaflí 3.2), ferðaþjónustu (kaflí 3.3) og einnig opinbera þjónustu og samstarf sveitarfélaga (kaflí 3.4).

3.1 ÍBÚAÞRÓUN, ALDURSDREIFING OG ÍBÚASPÁR

Íbúum í sveitarfélaginu er tekið að fjölga á ný eftir umtalsverða fækkun á síðustu öld. Um aldamótin 1900 voru þeir um 450, um miðja 20. öldina voru þeir rúmlega 300, 1. desember 1990 voru þeir 167 og um aldamótin 2000 voru íbúar ekki nema 142. Frá árinu 2005 hefur nær stöðug fjölgun átt sér stað utan talsverðrar fækkunar sem varð árið 2012 en íbúum fjölgaði strax aftur árið eftir. Í byrjun árs 2017 voru íbúar 220 talsins, 115 karlar og 105 konur.




Mynd 4. Íbúafjöldi eftir árum frá 1990 - 2017 og íbúaspá til ársins 2030. Spá um íbúafjölda miðast við mannfjöldaspá Hagstofunnar (Hagstofa Íslands, 2017).

Gert er ráð fyrir að íbúum fjölgi um 0,59%-1,07% á ári frá 2015-2030 og er það í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofunnar. Ýmsir þættir hafa þó áhrif á íbúapróun, s.s. eins og framboð íbúðarlóða og vöxtur ferðaþjónustunnar. Gangi miðspá eftir verða íbúar orðnir um 240 árið 2030.


Í svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins er fjallað um þróun og framreikning íbúafjölda í fylgiriti 3. Skýrslan kom út árið 2014 og þá voru íbúar 221. Þar er fjallað um óreglulega aldursskiptingu í hreppnum og að náttúruleg fjölgun sé lítil þar sem miðaldur sé rúmlega 46 ár. Við framreikning íbúafjölda er horft til þátta sem haft geta áhrif á það hvort fólk flytur í sveitarfélög þar sem „mestu skiptir framboð lóða og bygginga...“ eins og fram kemur á bls. 34 í fylgiriti 3 (*Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, 2015*). Samkvæmt niðurstöðum mannfjöldaspár svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að íbúum fækki um 42 til ársins 2025 og um 49 til ársins 2040. Gangi sú spá eftir verða íbúar orðnir um 180 árið 2025 (*Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, 2015*).

Á Mynd 5 hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda aðflutta umfram brottflutta í Kjósarhreppi á árunum 1986 – 2014. Sjá má að fjölgun hefur orðið í sveitarfélaginu á árunum 2002, 2004 -2008 og 2010, 2011 og 2013. Á árinu 2012 varð talsverð fækkun en þá fluttu 28 manns á brott en aðeins 12 fluttu í sveitarfélagið. Upplýsingarnar eru fengnar af vef DataMarket og gögnin eru frá Hagstofunni (*“DataMarket,” 2015*), (*Hagstofa Íslands, 2016*).



Mynd 5. Aðfluttir umfram brottflutta á árunum 1986 - 2014.

Á Mynd 6 kemur fram aldursdreifing íbúa þann 1. janúar 2016 og glögggt má sjá að mjög fá börn undir 10 ára aldri eru í sveitarfélaginu miðað við á landsvísi. Einnig vekur athygli hversu margt fólk á aldrinum 50 – 60 ára býr í sveitarfélaginu en það er talsvert hærra en á landsvísi.







Mynd 6. Aldursdreifing íbúa í Kjósarhreppi borin saman við aldersdreifingu á landsvísi (Hagstofa Íslands, 2016).

3.2 ATVINNA

Kjósarhreppur er fyrst og fremst landbúnaðarhérað og þar er víða stundaður öflugur landbúnaður. Í sveitarfélaginu er einnig mikil sumarhúsabyggð og einhver þjónusta hefur skapast í tengslum við hana.

Opinber stöðugildi sveitarfélagsins árið 2015 voru 2,7 sem er langt undir fjölda stöðugilda hjá nálægum sveitarfélögum (*Samband íslenskra sveitarfélaga, 2015*).





Landbúnaður

Upplýsingar um fjölda búfjár eru fengnar frá Hagstofu Íslands.

Nautgripum hefur heldur fjölgað frá árinu 2002, þá voru þeir tæplega 800 en við árslok 2016 voru þeir rúmlega 1.100. Mjólkurkúm hefur einnig fjölgað, úr 200 kúm árið 2002 í 253 við árslok 2016.

Fjöldi sauðfjár hefur staðið nokkuð í stað en heldur fækkað á allra síðustu árum. Alls voru tæplega 2.200 fjár í sveitarfélaginu árið 2002 en um 2.060 við árslok 2016.

Fjöldi hrossa hefur verið breytilegur á tímabilinu, árið 2002 voru þau um 460 en tók svo að fjölga og voru flest árið 2012 eða 750 talsins. Við árslok árið 2016 voru þau rúmlega 480.

Um 3.000 varphænur voru í sveitarfélaginu árið 2002 og þær voru um 4.600 á árunum 2003 og 2004. Síðan hefur þeim fækkað mikið og við árslok árið 2016 voru þær tæplega 80 talsins.

Eitthvað er um geitur og endur í sveitarfélaginu en vegna þess hve dýrin eru fá verður ekki gerð frekari grein fyrir þeim hér. Engin svín hafa verið skráð í sveitarfélaginu á þessu tímabili.

3.3 FERÐAÞJÓNUSTA

Í Kjósarhreppi er rekin ferðaþjónusta á nokkrum bæjum þar sem ýmis afþreying er í boði; s.s. veiði, hestaleiga, söfn, veitingasala og sala á handverki. Mörg orlofshús eru í sveitarfélaginu og gistingu er að fá á nokkrum stöðum.

Heildarfjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi árið 2016 var 1.792.201 (*Ferðamálstofa, 2016*). Samkvæmt úttekt sem greiningardeild Arion banka hefur unnið þá er gert ráð fyrir að fjöldi ferðamanna verði um 2,2 milljónir árið 2017 og 2,5 milljónir árið 2018. Sama úttekt gerir ráð fyrir að fyrir hverja 111 ferðamenn verði til eitt nýtt starf. Fjölgun ferðamanna reynir á ýmsa innviði hagkerfisins s.s. vegakerfið, löggæslu og heilbrigðisþjónustu (*Greiningardeild Íslandsbanka, 2016*).

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016 þá skiptast gististaðir í tegundir eftir búnaði og aðstöðu sem bjóða skal gestum (*Ferðamálastofa, 2016*).


Ekkert hótél er í Kjósarhreppi en hugmyndir eru komnar um byggingu hótels í Hvammsvík. Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar hjá Hagstofu Íslands um fjölda gistinguáttanna í Kjósarhreppi vegna þess hve fáir gististaðirnir eru. Nýting herbergja á heilsárshótelum á landsvísi jókst um 37,5% milli ára 2010 og 2015.

Núverandi og fyrirhugaðir gististaðir í Kjósarhreppi og flokkun þeirra er sýnd á skýringarupprætti nr. 7. Þar er flokkun gististaðanna einfölduð en stuðst er við flokkun í framangreindri reglugerð. Ekki eru til upplýsingar um heimagistingu eða íbúðir sem leigðar eru út.

- Hótél.
- Gistiheimili, s.s. ferðapjónusta bænda og farfuglaheimili.
- Tjaldsvæði.

Ferðamálastofa hefur kortlagt „Auðlindir íslenskrar ferðapjónustu“. Í verkefninu var með aðstoð heimafélks kortlagðir staðir þar sem upplifa má staðbundna og einstaka eiginleika í náttúrufari eða menningu. Skráningin gefur vísbendingar um sérkenni svæða sem hugsanlega má nýta fyrir ferðapjónustu (*Ferðamálastofa, 2015*). Þessir staðir eru sýndir á skýringarupprætti nr. 7.

Helstu ferðaleiðir í Kjósarhreppi eru Hvalfjarðarvegur (nr. 47), Kjósarskarðsvegur (nr. 48) og Meðalfellsvegur (nr. 461). Mynd 7 sýnir meðalumferð á dag yfir allt árið (ÁDU) á tveimur aðalferðaleiðunum í sveitarfélaginu. Umferð um Hvalfjarðarveg hefur aukist lítillega frá árinu 2010 en umferð um Kjósarskarðsveg hefur nánast staðið í stað.



Mynd 7. Meðalumferð á dag yfir árið um Hvalfjarðarveg og Kjósarskarðsveg á árunum 2010 – 2015 (*Vegagerðin, 2016*).

Helstu vegir, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir eru sýndar á skýringarupprætti nr. 4. Árdagsumferð á vegum í sveitarfélaginu er sýnd á skýringarupprætti nr. 7.

3.4 OPINBER ÞJÓNUSTA OG SAMSTARF SVEITARFÉLAGA

Í Kjósarhreppi er veitt margvísleg þjónusta við íbúana og er samstarf við nágrannasveitarfélög á fjölmörgum sviðum og er nánar vikið að þeim helstu hér aftar.

Kjósarhreppur stendur að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins ásamt 6 öðrum sveitarfélögum: Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ, Reykjavík og Seltjarnarnesi. Einnig er samstarf um framtíðar stefnumótun með gerð sóknaráætlunar og endurskoðun á vatnsverndarsvæðum.

Stjórnsýsla

Miðstöð stjórnsýslunnar er í Ásgarði í Kjós, í gamla barnaskólanum. Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur einnig aðsetur í Ásgarði.

Skólar

Grunnskóli er ekki starfræktur í sveitarfélaginu en börn sækja skóla í Klébergsskóla á Kjalarnesi. Enginn leikskóli er starfræktur í sveitarfélaginu.

Heilsugæsla

Kjósarhreppur er aðili að heilsugæslu Mosfellsbæjar en að henni standa auk Heilbrigðisráðuneytis, Mosfellsbær og Kjalarnes.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis er eitt þriggja heilbrigðiseftirlita á höfuðborgarsvæðinu og annast heilbrigðiseftirlit í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi og í Kjós.

Strætó bs.

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. „*Meginhlutverk byggðasamlagsins er að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna, innan þess fjárhagsramma sem samlaginu er sett og nýta það fjármagn sem best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna (strætó), ferðaþjónusta fatlaðra og ferðaþjónusta eldri borgara*“ (”Strætó bs,” 2016).

Brunavarnir

„*Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) varð til 1. júní 2000 við sameiningu Slökkviliðs Reykjavíkur og Slökkviliðs Hafnarfjarðar. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Liðið veitir þjónustu við Kjósarhrepp samkvæmt samningi og hefur skyldur um aðstoð við nærliggjandi sveitarfélög samkvæmt starfssamningum. Starfssvæðið nær því frá Hvalfjarðarbotni í norðri, til Straumsvíkur í suðri og Bláfjallasvæðisins í austri. Íbúar á starfssvæðinu eru um 63 prósent allra landsmanna*“ (”Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins,” 2016).

Veitur

Kjósarhreppur annast losun rotþróa í sveitarfélaginu en þær eru að jafnaði losaðar þriðja hvert ár. Heilbrigðiseftirlit Kjósarhrepps annast eftirlit með losuninni.

Kjósarveitur ehf. er fyrirtæki í eigu Kjósarhrepps. Lagningu hitaveitu frá borholum í landi Möðruvalla að bæjum og frístundasvæðum í sveitarfélaginu mun ljúka á skipulagstímabilinu. Samhliða hitaveitulögninni er lagður ljósleiðari. Einnig eru borholur í landi Hvammsvíkur og Fremri-Háls.

Tvær vatnsveitur eru reknar á vegum sveitarfélagsins. Annars vegar veita sem liggur frá vatnsbóli í Eyrarfjalli að íbúðarbyggðinni í Harðalahverfi sunnan Laxvogar, ásamt bæjunum Blönduholti og Felli. Hins vegar veita sem liggur frá vatnsbóli í hlíðum Reynivallaháls að Ásgarði og Félagsgarði. Að öðru leyti eru bærir með sín eigin vatnsból og veitur frá þeim.

Sorphirða

Sorphirðu hefur verið komið á í Kjósarhreppi og eru allir íbúar með 3 ílát undir sorp, fyrir pappír, plast og annað sorp. Sorphirða fer fram á tveggja vikna fresti. Kjósarhreppur rekur einnig endurvinnslustöð við Hurðarbaksholt.

Sorpa bs. annast meðhöndlun úrgangs, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Sorpa bs. stóð að gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020 ásamt Sorpstöð Suðurlands bs, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. og Sorpurðun Vesturlands hf. Kjósarhreppur samþykkti svæðisáætlunina þann 20. október 2009. Helstu breytingar frá fyrstu áætluninni sem út kom 2005 eru:

- Stjórnir sorpsamlaganna hafa ákveðið að hætta urðun lífræns og brennanlegs úrgangs eigi síðar en 2020.
- Aðferðir við meðhöndlun úrgangs og forgangsöröðun þeirra hefur verið ákveðin.
- Fyrir liggur hvaða urðunarstaði vilji er til að nota á áætlunartímanum.
- Áætlun um aðgerðir til næstu 3ja ára liggur fyrir.
- Áætluninni fylgir nú umhverfismat í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 (*Ögmundur Einarsson o.fl. 2015*).

4 UMHVERFISSKÝRSLA

Endurskoðun aðalskipulags Kjósarhrepps fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætla-
na. Markmið laganna „er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og
jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með
umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með
sér veruleg áhrif á umhverfið“ (Alþingi Íslands, 2006).

Endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins fellur undir löginn þar sem eftirfarandi á við um áætlunina:

- Áætlunin er unnin samkvæmt lögum.
- Áætlunin er undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum.
- Áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfismatið er unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins og nýtist því til ákvarðanatöku.

4.1 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Aðalskipulag sveitarfélags þarf að vera í samræmi við fjölmargar stefnur og áætlanir sem ríkið hefur sett
fram. Í töflu og texta hér fyrir neðan má sjá hvaða stefnur og áætlanir aðalskipulagið þarf að vera í
samræmi við og rökstuðning um hvernig stefnan er í samræmi við þær.

4.1.1 Landsskipulagsstefna

Í 10. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er kveðið á um að ráðherra leggi fram tillögu til landsskipulagsstefnu
til tólf ára í senn, innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Þar eru samþættar áætlanir opinberra aðila
um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana og breytinga á þeim og
samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki
beri að taka mið af samþykkt landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda
grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send til
Skipulagsstofnunar. Gildandi landsskipulagsstefna var samþykkt á Alþingi í mars 2016. Landsskipulags-
stefna felur í sér eftirfarandi þætti:

1. Skipulag miðhálandis Íslands

Á ekki við í Kjósarhreppi.

2. Skipulag í dreifbýli

Skipulag sveitarfélags miði að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags og beini vexti
að þeim kjörnum sem fyrir eru. Fjölgun íbúða tengist einkum búrekstri eða annarri staðbundinni atvinnu-
starfsemi. Marka skal stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýlinu og ákvörðun um
staðsetningu og hönnun mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhættum. Gæta skal
að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og byggð skal ekki ganga að óþörfu á svæði sem henta vel
til ræktunar eða eru verðmæt vegna náttúruverndar. Frístundabyggð verði á afmörkuðum en samfelld-
um svæðum sem gefa kost á tækifærum til útiveru en þess jafnframt gætt að frístundasvæðin skerði
ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar og náttúruverndar. Flokkun landbúnaðar-
lands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Leitast
skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða vítækara, gildi út frá sögu,
náttúrufari eða menningu. Jafnframt verði gætt að álaga á vatn og vatnsvernd. Í aðalskipulagi byggjast
skipulagsákvæðanir, um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar, á flokkun land-
búnaðarlands. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að
landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar. Við
skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi
svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu taki mið af
náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar. Við skipulagsgerð sveitar-
félaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við

náttúru og samfélag. Skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta. Skipulag gefi kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum. Sérstaklega verði hugað að hættu sem fylgir gróðureldum og hugað að flóttaleiðum og brunavörnum í frístundabyggð og á skógræktarsvæðum.

Samræmi skipulagstillögu við landsskipulagsstefnu

Stefna sveitarfélagsins samræmist ekki landsskipulagsstefnu þar sem heimiluð er uppbygging stakra íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæði. Slík hús skulu þó reist í nágrenni núverandi byggðar eða núverandi vega- og veitukerfa. Einnig er ósamræmi við landsskipulagsstefnu þar sem heimiluð eru íbúðarsvæði í dreifbýlinu með að hámarki 8 lóðum á hverjum stað fyrir sig. Miðað við miðspá Hagstofunnar um íbúafjölgun er sá fjöldi lóða á íbúðarsvæðum ríflegur en oft þarf að bregðast við sérstökum tilfellum s.s. þegar afkomendur vilja byggja á heimaslóðum.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem haldið verður í dreifbýlisfirbrigð við hönnun íbúðarsvæða. Dreifbýlisfirbrigð á íbúðarsvæðum felur í sér að hús standi frekar stakstæð meðfram götu, lóðir geta verið misstórar og því mislangir afleggjarar að þeim. Útlit og yfirbrigð bygginga er ekki samræmt sérstaklega milli lóða.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem nýjar byggingar skulu almennt vera utan landbúnaðarlands í flokki I og II og er flokkun landbúnaðarlands lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Í þeim tilvikum sem verið er að byggja upp á bæjartorfum þar sem núverandi hús eru á landbúnaðarlandi í flokki I eða II er heimilt að byggja ný hús í námunda við þau og þar með á góðu landbúnaðarlandi. Með því að byggja ný hús sem næst núverandi byggð á bæjartorfum er stuðlað að því að samnýta núverandi vegi og veitur sem mest.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem ný svæði fyrir frístundabyggð eru utan landbúnaðarlands í flokki I og II og er flokkun landbúnaðarlands lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um frístundabyggð. Frístundasvæðin eru öll á svæðum sem gefa kost á fjölbreyttri útiveru s.s. fjallgöngu, siglingu eða göngu í fjöruborðinu. Mörg frístundasvæðanna eru á svæðum sem jafnframt eru á náttúruminjaskrá og er það vegna þess að stór hluti sveitarfélagsins er á náttúruminjaskrá.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem gert er ráð fyrir að stuðlað verði að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja. Þá eru vatnsból og eftir atvikum vatnsverndarsvæði merkt inn á skipulagsupprátt.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem samfelld skógrækt er óheimil á landbúnaðarlandi í flokki I og II og er flokkun landbúnaðarlands lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um skógrækt. Þá ber að huga að því að skógrækt spilli ekki útssýnisstöðum, byrgi ekki ásynd fjalla eða fossa né valdi snjóöfnun á vegum.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem allir þeir staðir sem eru í flokknum afþreyingar- og ferðamannasvæði eru tilgreindir sem sérlega áhugaverðir viðkomustaðir skv. Kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem heimilaðar eru litlar vind- og vatnsaflsvirkjanir.

Ekkert þéttbýli er í Kjósarhreppi. Ný íbúðarsvæði eru á svæðum utan góðs landbúnaðarlands og þar sem byggð er fyrir.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem stefnt er að því að lagt verði bundið slitlag á alla helstu vegi á skipulagstímabilinu og við endurbætur á vegum verði gert ráð fyrir breiðri vegöxl fyrir reiðhjólaumferð. Þá verður stuðlað að betri almenningssamgöngum í samstarfi við nágrennasveitarfélög.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem heimiluð er uppbygging allt að 20 m hárra fjarskiptamastra í sveitarfélaginu.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem ný byggð verður ekki heimiluð á mögulegum hættusvæðum og tryggja skal upplýsingaflæði til íbúa og ferðamanna. Unnar verða viðbragðsáætlanir vegna mögulegra kjarr- og skógarelda í samráði við þar til bæra aðila s.s. slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

3. Búsetumynstur og dreifing byggðar

Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga verði mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum.

Samræmi skipulagstillögu við landsskipulagsstefnu

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu að hluta til þar sem áætlað er að fjöldi óbyggðra lóða á íbúðarsvæðum nægi miðað við þá íbúafjölgun sem vænta má á skipulagstímabilinu skv. miðspá Hagstofunnar. Ekki hefur verið unnin áætlun um þörf fyrir atvinnuhúsnæði eins og landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem skipulagstillagan gerir ráð fyrir safnræsum þar sem aðstæður leyfa en náttúrufarslegar aðstæður ráða mestu um það hvernig fráveitu er háttað. Mörkuð er stefna um vatnsvernd. Hvert heimili hefur ílát til flokkunar sorps auk þess sem tekið er við flokkuðum úrgangi á Hurðarbaksholti.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem stuðlað er að áframhaldandi öflugum landbúnaði í sveitarfélaginu með því að leggja flokkun landbúnaðarlands til grundvallar skipulagsákvörðunum. Heimilaður er ýmiskonar atvinnurekstur á landbúnaðarlandi svo fremi að heildarstærð bygginga fari ekki yfir 500 m². Heimilaðar eru ýmiskonar stakar framkvæmdir sem er m.a. ætlað að liðka fyrir uppbyggingu margvíslegrar atvinnustarfsemi. Haldið verður í dreifbýlisfirbragð í byggðinni.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu að hluta til þar sem gert er ráð fyrir mörgum en litlum efnistökusvæðum og þannig stuðlað að því að ekki þurfi að sækja efni um langan veg. Ný byggð verður ekki heimiluð á mögulegum hættusvæðum. Á hverfisverndarsvæðum er óheimilt að ræsa fram votlendi.

4. Skipulag á haf- og strandsvæðum

Skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins þar sem viðhaldið verði heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins. Skipulagsákvæðanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggist á vistkerfisnálgun og stuðli þannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Samræmi skipulagstillögu við landsskipulagsstefnu

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu að hluta þar sem afmörkuð eru strandsvæði á þremur stöðum í sveitarfélaginu þar sem aðgengi almennings er tryggt.

4.1.2 Höfuðborgarsvæðið 2040

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 nefnist Höfuðborgarsvæðið 2040. Það er sameiginleg stefna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um náið samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins næstu 25 árin. Í 9. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 segir að þær sveitarstjórnir sem ákveða að gera svæðisskipulag skipi til þess svæðisskipulagsnefnd sem vinni tillögu að svæðisskipulagi. Höfuðborgarsvæðið 2040 var staðfest af sveitarstjórn Kjósarhrepps þann 26. maí 2015.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 er m.a. fjallað um eftirfarandi þætti:

1. Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins

- Þróun þéttbýlis verður innan vaxtarmarka.
- Meginþunga vaxtar verður beint að miðkjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði. Hlutfall íbúðarbyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30 % í 66 %.
- Gott landbúnaðarland verður nýtt undir matvælaframleiðslu og náttúruríkt umhverfi varðveitt.

Þróun þéttbýlis verður innan vaxtarmarka borgarbyggðar og meginþunga vaxtar er beint að miðkjörnum og á samgöngumiðuð þróunarsvæði. Gott landbúnaðarland verði nýtt undir matvælaframleiðslu og náttúruríkt umhverfi verður varðveitt.

Samræmi skipulagstillögu við Höfuðborgarsvæðið 2040

Ekkert þéttýli er í Kjósarhreppi og því er ekki mörkuð stefna um vaxtarmörk.

Skipulagstillagan samræmist Höfuðborgarsvæðinu 2040 þar sem landbúnaðarland hefur verið flokkað, settar eru kvaðir á ráðstöfun lands í flokkum I og II og flokkunin er lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.

Skipulagstillagan samræmist ekki Höfuðborgarsvæðinu 2040 þar sem horft er til miðspár Hagstofu Íslands fremur en mannfjöldaspár Höfuðborgarsvæðisins 2040. Í mannfjöldaspá Höfuðborgarsvæðisins 2040 er spáð talsverðri fækkun íbúa til ársins 2040 og ásæðan er m.a. sögð vera lítið framboð íbúðarlóða. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir heimild til byggingar stakra íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum auk þess sem heimiluð er uppbygging íbúðarsvæða á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu. Þar með er ein af forsendum íbúaspár Höfuðborgarsvæðisins 2040 breytt og því er horft til miðspár Hagstofunnar.

2. Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi

- Á höfuðborgarsvæðinu verður raunhæft val um skilvirka samgöngumáta.
- Hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verður a.m.k. 12%.
- Hlutdeild göngu- og hjólríða í öllum ferðum innan svæðis árið 2040 verður a.m.k. 30%.
- Meginstofnvegir tryggja greiða og örugga umferð fólks og vöru.

Skipulag samgöngukerfis tryggir skilvirkar samgöngur fyrir íbúa, atvinnulíf og gesti. Efla skal hagkvæman og vistvænan samgöngumáta. Stofnleiðir vega, almenningssamganga, göngu og hjólríða mynda heildstæð kerfi sem tengja sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

Samræmi skipulagstillögu við Höfuðborgarsvæðið 2040

Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir því að unnið verði að bættum almenningssamgöngum í sveitarfélaginu í samstarfi við nágrannasveitarfélögin.

Stefna sveitarfélagsins samræmist svæðisskipulaginu þar sem mörkuð er stefna um göngu- og hjólríði. Gert er ráð fyrir að við endurbætur á vegum verði gert ráð fyrir breiðri vegöxl fyrir reiðhjólaumferð. Gerð er grein fyrir Blápræði sem er gönguleið meðfram strandlengju höfuðborgarsvæðisins og Græna stígnum sem er samfelldur göngu- og hjólastígur og liggur meðfram Hvalfjarðarvegi og inn í Laxárdal.

3. Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni

- Alþjóðleg samkeppnisstaða höfuðborgarsvæðisins verður styrkt með markvissu skipulagi sem samþættir skilvirkar samgöngur og eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði.
- Samstarf sveitarfélaga á suðvesturhorninu um hagkvæma byggðaþróun verður eftt.

Höfuðborgarsvæðið er alþjóðlegt borgarsvæði. Það verður að standa jafnfætis sambærilegum borgarsvæðum í samkeppni um mannauð, fjármagn og fjárfestingar. Grunnur að aukinni samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins fæst með því að beina fjárfestingum í innviði sem auka við fjölbreytta uppbyggingu atvinnulífsins.

Samræmi skipulagstillögu við Höfuðborgarsvæðið 2040

Stefna sveitarfélagsins samræmist svæðisskipulaginu þar sem mörkuð er stefna um uppbyggingu verslunar- og þjónustsvæða og aðstöðu fyrir ferðaþjónustu. Heimiluð er ýmiskonar atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum án breytingar á aðalskipulagi. Heimiluð eru íbúðarsvæði í dreifbýli með að hámarki 8 lóðum á hverjum stað þar sem skipulag svæða verður með þeim hætti að haldið verður í dreifbýlisýfirbragð. Einnig er heimiluð uppbygging stakra íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum. Heimilaðar eru ýmiskonar stakar framkvæmdir sem ætlað er að liðka fyrir uppbyggingu atvinnustarfsemi auk þess sem þeim er ætlað að stuðla að meira öryggi almennings s.s. með byggingu fjarskiptamastra.

4. Heilnæmt umhverfi

- Íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga aðgang að fjölbreyttum útivistarsvæðum sem hvetja til reglulegrar hreyfingar, náttúruupplifunar og jákvæðra, félagslegra samskipta.
- Náttúruverndarsvæði eins og fólkvangar, friðlýst svæði, náttúruvætti, hverfisverndarsvæði og svæði á náttúruminjasrá skapa höfuðborgarsvæðinu sérstöðu og gegna mikilvægu fræðslu- og útivistarhlutverki.
- Tækifæri til útivistar og ferðaþjónustu innan fólkvanga og fjallahrings höfuðborgarsvæðisins verða nýtt frekar. Hugað verður að samræmdri yfirstjórn og aðgerðum til að tryggja að not ólíkra hópa geti farið saman.
- Á höfuðborgarsvæðinu verði ávallt nægt framboð af hreinu ómeðhöndluðu drykkjarvatni með markvissri vernd vatnsbóla og aukinni samræmingu við nýtingu auðlindarinnar.

Hreint loft, ómeðhöndlað drykkjarvatn, nálægð við fjölbreytt útivistarsvæði og náttúrulegt umhverfi eru undirstaða að lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu. Íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa aðgang að viðeigandi húsnæðiskosti á viðráðanlegu verði á öllum stigum lífsins.

Samræmi skipulagstillögu við Höfuðborgarsvæðið 2040

Stefna sveitarfélagsins samræmist svæðisskipulaginu þar sem mörkuð er stefna um opin svæði, strandsvæði, skógræktarsvæði og göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir.

Stefna sveitarfélagsins samræmist svæðisskipulaginu þar sem stuðlað verður að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða.

Stefna sveitarfélagsins samræmist svæðisskipulaginu þar sem mörkuð er stefna um vatnsvernd og gerð grein fyrir vatnsbólum og vatnsverndarsvæðum.

5. Gott nærumhverfi

- Borgarbyggðin mótist af viðmiðum 20 mínútna hverfisins. Byggð og umhverfi verður mótað út frá mannlegum þörfum og mælikvarða sem fellur að landslagi og styður samskipti og útiveru.
- Á höfuðborgarsvæðinu verði fjölbreyttur húsnæðismarkaður sem uppfylli þarfir íbúa. Hugað verður sérstaklega að framboði á húsnæði á viðráðanlegu verði.

Höfuðborgarsvæðið samanstendur af ólíkum hverfum sem bjóða upp á mismunandi umhverfi fyrir einstaklinga, fjölskyldur og atvinnulíf.

Samræmi skipulagstillögu við Höfuðborgarsvæðið 2040

Stefna sveitarfélagsins samræmist svæðisskipulaginu þar sem heimiluð er bygging stakra íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum og einnig er íbúðarbyggð heimiluð á afmörkuðum svæðum til að stuðla að fjölgun íbúa í sveitarfélaginu.

6. Árangursrík samvinna

- Skrifstofa SSH verður vettvangur virks samstarfs um þróun höfuðborgarsvæðisins.
- Metnaðarfullt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið liggja fyrir á hverjum tíma þar sem sett er fram sameiginleg stefna um hagkvæma og sjálfbæra byggðapróun.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eiga með sér náð, viðvarandi samstarf og vinna sameiginlega að byggðapróun með sérstaka áherslu á samþættingu skipulags byggðar, samgangna og þjónustuframboðs.

Samræmi skipulagstillögu við Höfuðborgarsvæðið 2040

Stefna sveitarfélagsins samræmist svæðisskipulaginu.

4.1.3 Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 - 2020

Sorpa bs. annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Sorpa bs. stóð að gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020 ásamt Sorpstöð Suðurlands bs, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. og Sorpurðun Vesturlands hf. Kjósarhreppur samþykkti svæðisáætlunina þann 20. október 2009. Í svæðisáætlun segir m.a. að „Samkvæmt lögum skulu sveitarfélög semja og staðfesta áætlun um meðhöndlun úrgangs og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar. Mikilvægt er að við gerð úrgangsáætlunar fyrir sveitarfélagið séu skilgreind markmið og leiðir til að draga úr myndun úrgangs. Markmið skulu sniðin að heimilum og atvinnulífi og þróuð í samvinnu við nefndir og stofnanir í sveitarfélaginu þannig að markmiðin verði samhæfð í allri stefnumótun sveitarfélagsins.“

Tillögur svæðisáætlunarinnar „miða að því að ná þeim markmiðum sem sett eru í lögum um meðhöndlun úrgangs og landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2004-2016. Jafnframt miða tillögurnar að því að uppfylla þá stefnu sorpsamlaganna að eftir 2020 verði engin lífræn eða brennanleg efni urðuð á starfssvæði samlaganna.“

„Stefnt er að því að draga úr myndun úrgangs í starfsemi sveitarfélaganna, auka endurnýtingu og endurnotkun, en meðhöndla lífrænan úrgang með umhverfisvænum og hagkvæmum gas- og jarðgerðarstöðvum eins og fært er. Talið er að þessar aðgerðir nægi til að ná markmiðum landsáætlunar fram yfir 2020. Jafnframt felst í stefnunni að framleiða brenni eða brenna brennanlegum úrgangi til að nýta orkuna í stað orku úr innflutta jarðefnaeldsneyti og til að auka nýtingu urðunarstaða.“

Samræmi skipulagstillögu við Sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 - 2020

Stefna sveitarfélagsins samræmist sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020 þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi flokkun úrgangs í samvinnu við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Stefnt er að því að unnið verði að frekari umbótum í sorpmálum og m.a. verði íbúum gert auðveldara fyrir með flokkun sorps og lögð áhersla á jarðgerð lífræns úrgangs á svæðinu. Fræðsla til íbúa um aðferðir til að draga úr myndun úrgangs verði efld.

Gámaplan er á Hurðarbaksholti og þar er tekið við flokkuðum úrgangi. Við hvert heimili eru sorptunnur sem losaðar eru með reglubundnu millibili.

4.1.4 Aðrar áætlanir og stefnumið

Stefnumörkun	Markmið í stefnum og áætlunum	Samræmi eða ósamræmi við stefnu aðalskipulags
Á landsvísu		
Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020	Stefnumótun Íslands um sjálfbæra þróun. Þar er mörkuð stefna um heilbrigt og öruggt umhverfi, verndun náttúru landsins, sjálfbæra nýtingu auðlinda og hnattræn viðfangsefni. Við gerð aðalskipulags og umhverfisskýrslu ber að taka mið af stefnumótuninni eftir því sem við á.	Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við áherslur sem settar eru fram í Velferð til framtíðar. Í aðalskipulaginu er gerð grein fyrir þeim svæðum sem njóta sérstakrar verndar s.s. hverfisverndar.
Náttúruminjaskrá 7. útgáfa	Ráðherra gefur út náttúruminjaskrá á fimm ára fresti skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúruminjaskrá er samantekt yfir friðlýst svæði auk annarra merkra svæða á Íslandi sem ekki hafa verið friðlýst.	Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við náttúruminjaskrá. Svæði á náttúruminjaskrá eru eftirfarandi: Náttúruvætti: Steðji (Staupasteinn). Aðrar náttúruminjar: Brynjudalur, Laxvogur og Laxá, Ósmelur og Hvalfjarðar-eyri, Þórufoss.
Samgönguáætlun 2011-2022	Samgönguáætlun byggir á þeim meginmarkmiðum að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun.	Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við samgönguáætlun þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi endurgerð Kjósarskarðsvegar.
Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu stjórnvalda um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands	Markmiðið er að stuðla að því að gerð verði áætlun um vernd góðs ræktunarlands í merkingunni ræktað eða ræktanlegt land, enda er það mikilvæg, takmörkuð auðlind sem ýmist getur eyðst, rýrnað eða vaxið.	Stefna aðalskipulagsins samræmist þingsályktunartillögunni þar sem landbúnaðarland hefur verið flokkað í 4 flokka eftir gæðum þess og hæfni sem akuryrkjulands. Settir eru skilmálar í greinargerð til verndar þessari auðlind.
Vegvísir í ferðaþjónustu	Áfangastaðir ferðamanna verði skilgreindir í aðalskipulagi. Verndar- og sjálfbærnisjónarmið liggi til grundvallar uppbyggingar aðstöðu. Góðar og öruggar samgöngur eru forsenda þess að ferðamenn dreifist sem víðast um landið.	Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við Vegvísi í ferðaþjónustu. Skilgreindir eru áningarstaðir fyrir ferðamenn undir landnotkunarflokknum afþreyingar- og ferðamannasvæði, þeir sýndir á uppdrætti og fjallað um þá í greinargerð. Skipulagið gerir ráð fyrir göngu-, reið og hjólaleiðum og eru þær sýndar á uppdrætti og fjallað um þær í greinargerð.
Kerfisáætlun Landsnets 2015 - 2024	Landsneti ber, skv. raforkulögum nr. 65/2003, að leggja fram áætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku um landið. Árlega er lögð fram til samþykktar Orkustofnunar kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfisins, annars vegar til 10 ára og hins vegar framkvæmdaáætlun til þriggja ára.	Þar sem Kerfisáætlun Landsnets 2016 – 2025 hefur ekki verið staðfest er tekið mið af gildandi Kerfisáætlun 2015 – 2024. Í sviðsmyndum áætlunar er gert ráð fyrir styrkingu Brennimelslínu en ekki er tekin afstaða til þess. Stefna aðalskipulagsins gerir ráð fyrir að raflínur verði lagðar í jarðstrengjum.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Samningurinn hefur það þrífætt markmið að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja að nýting lífrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti.	Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við stefnumörkunina m.a. með því að miða að því að staðsetja framkvæmdir utan verndarsvæða er verið að vernda líffræðilega fjölbreytni.

Rammasamningur SP um loftlagsbreytingar	Markmið samningsins er að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta.	Stefna aðalskipulagsins styður við samning SP um loftlagsbreytingar m.a. með afmörkun skógræktar- og landgræðslu-svæða.
Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum	Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á Íslandi í því skyni að standa við stefnu stjórnvalda og skuldbindingar í loftslagsmálum. Aðgerðaráætlunin var gerð til að framfylgja Parsíarsamkomulaginu.	Stefna aðalskipulagsins styður við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum m.a. með því að stuðla að góðum vegtengingum við nágrannabyggðir, áframhaldandi nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa, öfluga sorpflokkun og landgræðslu.
Á svæðisvísu		
Aðalskipulag Bláskóga- byggðar 2015 – 2027.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið- og hjólaleiða. Ósamræmi er í stærð Brennimelslínu 1. Bláskógabyggð gerir ráð fyrir að línan verði rekin á 400 kV spennu. Ekki er samkomulag um landamerki milli Fremri-Háls og Fellsenda. Mörkin eru sýnd eins í báðum sveitarfélögum en verða endurskoðuð með Bláskógabyggð þegar samkomulag næst.
Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008 – 2020.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 – 2020 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið- og hjólaleiða.
Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 – 2030.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið- og hjólaleiða. Ósamræmi er í stærð Brennimelslínu 1. Reykjavíkurborg gerir ráð fyrir að línan verði rekin á 400 kV spennu.
Á sveitarfélagsvísu		
Atvinnumál í Kjós 2010	Mikilvægustu þættir í atvinnulífinu eru: • Saga og náttúra • Samstarf landbúnaðar og náttúru • Kjarni (samgöngumiðstöð með veitingasölu og salernisaðstöðu) • Hitaveita	Stefna sveitarfélagsins samræmist að miklu leyti stefnu um atvinnumál. Stefnt er að merkingu minjastaða, Maríuhöfn er sett undir strandsvæði, gert er ráð fyrir golfvelli og hóteli í Hvammsvík, flokkun landbúnaðarlands styður við framtíð landbúnaðar, rýmri byggingarheimildir á landbúnaðarsvæðum hvetja til nýsköpunar í atvinnulífi.
Staðardagskrá 21 í Kjósarhreppi	Staðardagskrá 21 er áætlun sem öllum sveitarstjórnnum er ætlað að gera í samræmi við ályktun Heimsráðstefnu	Stefna sveitarfélagsins samræmist markmiðum sem sett eru fram í Staðardagskrá 21 í Kjósarhreppi m.a. með því

	Sameinuðupjóðanna um umhverfi og þróun. Mótuð er stefna og framkvæmdaáætlun um eftirfarandi málaflokka: - velferð, - menningarminjar, - ásýnd, - mengun, - úrgangsmál, - náttúruvernd, - haf- og strandsvæði. Staðardagskrárnefnd verður sveitarstjórn til ráðgjafar við framfylgd stefnunnar.	að marka stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar, úrgangsmál, náttúruvernd og strandsvæði.
--	--	---

4.2 AÐFERÐARFRÆÐI UMHVERFISMATS

Aðalskipulag Kjósarhrepps er unnið af stýrihópi sveitarfélagsins og ráðgjöfum EFLU ehf/Steinsholts ehf. Í vinnunni er horft á hvaða þætti í stefnu aðalskipulagsins er vert að meta m.t.t. umhverfisáhrifa, en þá eru þau atriði skoðuð sem talin eru hafa mest áhrif á umhverfið með hliðsjón af flokkun framkvæmda í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Höfð er hliðsjón af leiðbeiningarskjali Skipulagsstofnunar við val á þeim umhverfisþáttum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar matinu (*Skipulagsstofnun, 2007*).

Gerð er grein fyrir matinu í kafla 4.3. Niðurstaða þessarar vinnu var nýtt til að marka ákjósanlega stefnu um landnotkun í sveitarfélaginu með því að taka ákvarðanir byggðar á mati á umhverfisáhrifum og þar sem við á voru settir skilmálar um mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum eins og kostur er.

4.2.1 Vægi umhverfisáhrifa

Skilgreining á vægi umhverfisáhrifa eru sett fram til að hægt sé að leggja mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar. Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „*Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.*“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

Skilgreining á vægi áhrifa	Skýring
Jákvæð áhrif (+)	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin eða ávinningurinn sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og getur verið staðbundin, en er yfirleitt á svæðis-, lands-, eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg áhrif (< >)	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og í einhverjum tilvikum afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin/lítil (0)	Áhrif framkvæmdar á umhverfisþátt verða engin eða lítil.
Neikvæð áhrif (-)	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekins umhverfisþátta/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónáði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu.

	Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarkana stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óviss áhrif (?)	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfispætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Áhrifin geta verið háð útfærslu.

4.2.2 Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið

Umhverfispáttur getur verið t.d. gróðurfar, landslag eða samfélag. Þessir þættir eru þeir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem sett stefna leiðir af sér hverju sinni. Í matslýsingu voru tilteknir þeir umhverfispættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfiskýrslu en hér er flokkun þeirra breytt lítillega eftir umræður í stýrihópi.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.

Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðangreindra umhverfispátta og leitast við að svara matsspurningum út frá þeim viðmiðum sem til eru.

Umhverfispáttur	Matsspurning	Viðmið
Náttúra: Dýralíf, gróður, jarðmyndanir og vistkerfi.	Hefur stefnan áhrif á gróður og dýralíf? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040: Sveitarfélögin tryggja nýtingu landbúnaðarlands fyrir matvælaframleiðslu og takmarka uppbyggingu sem skerðir það. Þau gera einnig grein fyrir nánari útfærslu til að viðhalda og styðja við gott landbúnaðarland. Staðardagsrá 21: Að lífsgæðum og landi sé skilað til komandi kynslóða í jafngóðu eða betra ástandi en núlifandi kynslóð býr við.
Landslag og ásýnd; byggðamynstur, yfirbragð svæðis, náttúrulegt landslag.	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag? Hefur stefnan áhrif á byggðamynstur og yfirbragð svæðis? Hefur stefnan áhrif á ásýnd?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026: - Byggð falli að landslagi og náttúru og gangi ekki á verðmæt svæði að óþörfu.
Samfélag: íbúðarþróun, þjónusta, efnahagur, atvinna, útivist, ferðamennska, gott landbúnaðarland í flokki I og II, landnotkun.	Er stefnan líkleg til að efla atvinnulíf? Stuðlar stefnan að bættri þjónustu við íbúa og gesti? Stuðlar stefnan að styrkingu byggðar, fjölgun íbúa og bættum lífsgæðum þeirra? Hefur stefnan áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?	Flokkun landbúnaðarlands í Kjósarhreppi. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026: - Skipulagsgerð stuðli að eflingu ferðaþjónustu. - Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þörf.

	Hefur stefnan áhrif á gott landbúnaðarland í flokki I og II?	Staðardagskrá 21: Að markvisst sé unnið að nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi.
Heilsa, vellíðan og öryggi; mengun, náttúruvæðing, grunnvatn.	Hefur stefnan áhrif á heilsu og öryggi íbúa og gesta? Hefur stefnan áhrif á umferðaröryggi? Hefur stefnan áhrif á hljóðvist og/eða loftgæði? Hefur stefnan áhrif á líðan íbúa/gesta? Hefur stefnan áhrif á útivistar- og afþreyingarmöguleika? Er hættu á mengun eða náttúruvæðing af völdum stefnunnar? Er stefnan líkleg til að stuðla að matvælaöryggi? Er stefnan líkleg til að stuðla að auknum loftslagsbreytingum?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026: - Skipulagsgerð stuðli að heilnæmu umhverfi m.t.t. vatnsgæða, loftgæða, hljóðvistar o.fl. Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2040: Taka skal mið af skilgreindu mannvirkjabelti á vatnsverndarsvæðum í skipulagsáætlunum og við veitingu framkvæmdaleyfa. Staðardagsrá 21: Að stuðlað sé að sem mestu heilbrigði íbúa með góðu aðgengi að mikilvægum náttúruauðlindum, til tómstundaiðkunar og upplifunar s.s. fjöllum, vötnum, skógum, fjörum og öðrum mikilvægum náttúrufyrirbærum.
Minjar; menningarminjar, náttúru-minjar, verndarsvæði.	Hefur stefnan áhrif á minjar? Hefur stefnan áhrif á náttúru-minjar eða verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á víðerni?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026: - Skipulagsgerð stuðli að verndun náttúru- og menningargæða. Aðalskráning minja, unnin árið 2017. Náttúruminjaskrá.

4.2.3 Valkostir og vinsun kosta

Vinna við umhverfismatið fór fram samhliða vinnu aðalskipulagsins. Valkostagreining er mikilvægur hluti umhverfismats áætlana og gerir ferli ákvarðanatöku gegnsærra. Samhliða stefnumörkuninni var valkostum stillt upp og til hliðsjónar var höfð flokkun framkvæmda í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í kafla 4.3 eru bornir saman mismunandi valkostir fyrir stefnu aðalskipulagsins.

Í umhverfismati áætlana ber að fjalla um svokallaðan núll-kost og bera breytta stefnu skipulagsins saman við hann, eftir því sem við á. Núll kostur „felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins, eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar áætlunarinnar. Í einhverjum tilfellum getur samanburður við núllkostinn falið í samanburði við framfylgd gildandi áætlunar“ (Skipulagsstofnun, 2007).

4.3 UMHVERFISMAT

Endurskoðað aðalskipulag Kjósarhrepps er að miklu leyti uppfærð skipulagsáætlun í samræmi við ný Skipulagslög nr. 123/2010 og nýja Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Ekki er um mikla stefnubreytingu að ræða frá gildandi aðalskipulagi sbr. kafla 3.1 í greinargerð. Nýtt aðalskipulag miðar í flestum tilfellum við stefnu gildandi aðalskipulags sem núllkost. Í ákveðnum tilfellum er breyting á stefnu sveitarfélags óbreytt eða það lítið breytt að ekki þykir ástæða til að meta áhrifin sérstaklega og eru þeir landnotkunarflokkar ekki teknir inn í umhverfismatið.

Áhrifabættir eru eftirfarandi:

- Íbúðarbyggð
- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði – verndun landbúnaðarlands
- Landbúnaðarsvæði – byggingarheimildir
- Skógrækt

- Verslun- og þjónusta
- Afþreyingar- og ferðamannsvæði
- Íþróttasvæði
- Stakar framkvæmdir
- Efnistökusvæði
- Strandsvæði
- Samgöngur

4.3.1 Íbúðarbyggð

Stefna aðalskipulagsins fyrir byggð í dreifbýli er sett fram í kafla 2.2.1 í greinargerð. Í sveitarfélaginu hefur í gegnum tíðina einkum verið byggt upp utan skilgreindra íbúðasvæða, á bæjartorfum þar sem ný íbúðarhús nýta sömu heimreið og veitur. Í gildandi skipulagi (2005-2017) er heimilt að byggja stök íbúðarhús á bújörðum, ótengt búskap auk þess sem gert var ráð fyrir heimild til „búgarðabyggðar“ á skilgreindum svæðum. Stefnumbreyting er gerð varðandi íbúðarbyggð í dreifbýli þar sem heimiluð verður íbúðarbyggð á afmörkuðum svæðum þar sem kveðið verður á um ákveðna skilmála s.s. lóðastærð og fjölda lóða en horfið er frá stefnu um búgarðabyggð. Jafnframt verður íbúðarbyggð ekki skipulögð á landbúnaðarlandi í flokki I og II. Valkostur I gerir ráð fyrir að þremur frístundasvæðum verði breytt í íbúðarsvæði; ÍB4, ÍB6 og ÍB7, og um 5 ha landbúnaðarsvæði verður breytt í íbúðarsvæði, ÍB5. Frístundasvæðin eru að hluta til byggð en forsenda breytinganna er að eigendur frístundahúsa vilja eiga þess kost að hafa þar fasta búsetu. Þá hefur óskum um íbúðarlóðir fjölgað á undanförunum árum og því vill sveitarstjórn stuðla að því að unnt sé að koma til móts við þær með því að heimila íbúðarsvæði. Þétting byggðar í dreifbýli er jákvæð þar sem samnýta má veitur og vegi sem fyrir eru og auka þar með hagkvæmni þeirra. Á bæjum í nágrenninu er byggð til staðar sem þarfnast þjónustu s.s. skólaaksturs og viðbótarakstur ætti ekki að verða mikill í kjölfar stefnunnar.

Valkostir

- Valkostur I – Gert er ráð fyrir fyrir íbúðarbyggð með skilgreindum skilmálum, utan landbúnaðarlands í flokki I og II. Gert ráð fyrir að ný íbúðarbyggð sé að jafnaði utan góðs landbúnaðarlands, í flokki I og II, en þó í góðum tengslum við núverandi byggð og/eða núverandi veitur, sérstaklega vegakerfi. Lóðir verða að lágmarki 0,5 ha og ekki verða heimilaðar fleiri en 8 lóðir í fyrsta áfanga innan jarðar. Hámarks byggingarmagn innan hvernar lóðar er 650 m².
- Valkostur II – núll kostur. Engin ný íbúðabyggð verður heimiluð.

Umhverfismat

Valkostur I

Áhrif stefnunnar á náttúru eru metin óveruleg en gróður gæti orðið fyrir áhrifum vegna jarðrasks. Áhrif á landslag og ásynd eru metin óveruleg vegna þess að flest svæðin eru nú þegar byggð að hluta eða öllu leyti og óbyggð svæði eru skammt frá annarri byggð. Stefnt er að því að halda í dreifbýlisfirbrigð og eru áhrif á yfirbrigð byggðar metin óveruleg. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð þar sem lóðaframboð eykst með framfylgd stefnunnar og því er hún líkleg til að leiða til íbúafjölgunar. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin óveruleg en stefnan getur haft neikvæð áhrif á loftgæði og hljóðvist í dreifbýlinu vegna umferðar en þar sem lóðir á hverjum stað eru fáar er líklegt að áhrifin verði minniháttar. Stefnan ætti ekki að þurfa að hafa áhrif á minjar þar sem skipuleggja á íbúðarsvæði utan minjasvæða og því eru áhrif á minjar metin óveruleg.

Valkostur II

Samkvæmt gildandi skipulagi er heimilt að byggja allt að 5 íbúðarhús innan hvernar jarðar, ótengd búskap en í góðum tengslum við núverandi bæjartorfur. Óvíst er hvernig íbúðarþróun verður á skipulagstímabilinu þar sem skortur á íbúðarlóðum mun líklega standa í vegi fyrir mikilli fjölgun íbúa. Áhrif stefnunnar á samfélag eru því metin neikvæð en áhrif á aðra umhverfisþætti eru óveruleg (engin/lítill).

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásjón	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	<>	<>	+	<>	<>
Valkostur II	0	0	-	0	0

Stefna um íbúðarbyggð hefur á heildina litið óveruleg eða jákvæð áhrif á umhverfispætti en líkur eru á að með meira framboði af lóðum fyrir íbúðarhús muni íbúum fjölga. Stefna sveitarstjórnar er að efla byggð en halda í dreifbýlisfirbragð og því eru lóðir fremur stórar og fáar á hverjum stað fyrir sig. Að byggja nokkur hús saman í stað stakra húsa stuðlar að hagkvæmri uppbyggingu með bættri nýtingu vega og veitna. Ein af forsendum íbúafjölgunar samkvæmt Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 er nægt framboð íbúðarlóða. Þrátt fyrir að stefna um íbúðarbyggð í dreifbýli samræmist ekki landsskipulagsstefnu vill sveitarstjórn stuðla að íbúafjölgun í sveitarfélaginu og aukið framboð íbúðarlóða er ein af forsendum þess að svo megi verða.

4.3.2 Frístundabyggð

Stefna aðalskipulags fyrir frístundabyggð er sett fram í kafla 2.2.2 í greinargerð. Í aðalskipulaginu er mörkuð sú stefna að frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum og að jafnaði verði hún utan landbúnaðarlands í flokki I og II. Núverandi frístundasvæði innan flokka I og II verða felld út við næstu endurskoðun aðalskipulags séu framkvæmdir ekki hafnar skv. samþykktu deiliskipulagi. Þá er heimilt að starfrækja þjónustumiðstöð/smáverslun sem þjónar svæðinu. Þrjú svæði eru felld út og stærsti hluti svæðis F8 fellur út þar sem það er á skógræktarsvæði. Tvö ný frístundasvæði eru sett inn og þremur svæðum er breytt í íbúðarsvæði að öllu leyti eða að hluta. Eitt svæði er fært til þar sem það var ranglega staðsett skv. deiliskipulagi. Þá er afmörkun breytt á nokkrum svæðum í samræmi við nákvæmari kortagrunna. Sett er inn ákvæði um áfangaskiptingu uppbyggingar þannig að áður en nýjir áfangar innan jarðar verða teknir til skipulagsmeðferðar verði minnst 2/3 hlutar fyrri áfanga að hafa byggst upp. Auk þess er sett inn sólarlagsákvæði þess efnis, að verði framkvæmdir á frístundasvæðum sem eru á landbúnaðarlandi í flokki I og II ekki hafnar, skv. samþykktu deiliskipulagi, við næstu endurskoðun aðalskipulags, verða svæðin felld út.

Valkostir

- Valkostur I – Ný frístundasvæði verði utan landbúnaðarlands í flokki I og II. Heimiluð verði aukin uppbygging á litlum frístundalóðum að undangengu skipulagi.
- Valkostur II – núll kostur. Svæði fyrir frístundabyggð eru óbreytt frá gildandi skipulagi.

Umhverfismat**Valkostur I**

Stefnan er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfispáttinn náttúru en gróður gæti orðið fyrir áhrifum vegna jarðrasks. Byggingar hafa alltaf áhrif á ásjón svæða en þau eru metin óveruleg þar sem stefnan gerir ekki ráð fyrir mörgum nýjum frístundasvæðum. Stefnan er talin hafa óveruleg áhrif á samfélag en frístundasvæði geta haft áhrif á atvinnulíf vegna eftirspurnar eftir margvíslegri þjónustu og þau styrkja tekjustofna sveitarfélagsins. Stefnan er ekki talin hafa áhrif á minjar þar sem óheimilt er að framkvæma innan helgunarsvæðis minja og því eru áhrif á minjar metin óveruleg. Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin engin/lítill.

Valkostur II

Líklegt er að í Kjósarhreppi verði eftirsótt að byggja frístundahús eins og verið hefur undanfarin ár. Þónokkuð er af óbyggðum frístundasvæðum sem geta byggst upp. Núverandi svæði eru mörg hver á góðu ræktunarlandi, í flokki I og II.

Stefnan er talin hafa neikvæð áhrif á samfélag þar sem heimilt er að skilgreina frístundabyggð á góðu ræktunarlandi. Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin engin/lítill.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásynd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	<>	<>	<>	0	<>
Valkostur II	0	0	-	0	0

Stefna um frístundabyggð er talin hafa óveruleg áhrif á náttúru, landslag og ásynd, samfélag og minjar. Sveitarstjórn vill að sveitarfélagið verði áfram eftirsótt til frístunda og útivistar og því er ákvæði um að ný frístundabyggð verði ekki heimiluð á landbúnaðarlandi í flokki I og II mikilvægt varðandi þróun frístundabyggðar á komandi árum. Stór frístundasvæði eru óbyggð og því ætti ekki að þurfa að skilgreina ný svæði en verði ekki hafnar framkvæmdir á þeim samkvæmt samþykktu deiliskipulagi við næstu endurskoðun verða þau svæði, sem eru á landbúnaðarlandi í flokki I og II, felld út. Öll uppbygging nýrra svæða verður áfangaskipt.

4.3.3 Verndun landbúnaðarlands í flokki I og II

Stefna aðalskipulags fyrir landbúnaðarsvæði er sett fram í kafla 2.3.1 í greinargerð. Landbúnaðarland sveitarfélagsins er flokkað í fjóra flokka og mörkuð er stefna um flokka I og II sem miða að því að góðu landbúnaðarlandi, sem hentar til matvælaframleiðslu, verði ekki spillt með óábyrgri landnotkun. Uppbygging mannvirkja innan svæða í flokki I og II er aðeins heimil í þeim tilvikum þar sem verið er að byggja á bæjartorfum sem eru á landi í þessum flokkum og skal þá gæta vel að því að raska samfellu í landi sem minnst með vegum og byggingum. Samfelld skógrækt er óheimil á landi í flokkum I og II en getur verið í jaðri svæða s.s. til að veita skjól. Óheimilt er að skipuleggja ný íbúðar- og frístundasvæði á landi í flokkum I og II. Nokkur frístundasvæði eru á góðu landbúnaðarlandi í flokkum I og II og sett er inn ákvæði þess efnis, að verði framkvæmdir ekki hafnar skv. samþykktu deiliskipulagi við næstu endurskoðun aðalskipulags, verða svæðin felld út. Stefnan kveður á um að forðast skuli uppskiptingu jarða og þá sérstaklega landbúnaðarlands í flokki I og II.

Markmiðið með verndun landbúnaðarlands í flokki I og II er fyrst og fremst að koma í veg fyrir að landi sé ráðstafað varanlega og með óafturkræfum hætti til annarrar landnotkunar en til landbúnaðar. Á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu háttar svo til að innan svæða í flokkum I og II eru mikilvæg og/eða verðmæt svæði m.t.t. vistkerfa og votlendis svo dæmi sé tekið. Við flokkunina er ekki tekin afstaða til slíkra þátta þar sem flokkunin er gerð í þeim mælikvarða að ómögulegt er að afmarka landið það nákvæmlega. Auk þess er flokkunin ekki einhlít og vera má að taka þyrfti einstaka staði til nánari skoðunar. Þegar og ef til þess kemur að vilji sé til að brjóta land til ræktunar á slíkum svæðum verður að fylgja lögum og reglugerðum þar að lútandi og því er líklegt að einhver svæði sem falla í flokk I og II verði aldrei tekin til ræktunar af þeim sökum.

Áhrif af stefnunni eru metin jákvæð fyrir samfélagið að því leyti að besta ræktunarlandinu verður ekki ráðstafað varanlega til annarra nota en til landbúnaðar. Þá styrkir stefnan stöðir landbúnaðar með verndun ræktunarlands, sérstaklega með tilliti til þess að nægt landrými er í sveitarfélaginu fyrir aðra starfsemi, s.s. uppbyggingu og skógrækt. Áhrifin eru metin óveruleg hvað varðar aðra atvinnustarfsemi s.s. samfellda skógrækt, iðnaðar- eða þjónustustarfsemi þar sem nægt landrými er utan flokka I og II í sveitarfélaginu sem getur hentað slíkri starfsemi. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin engin/lítill.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásynd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	0	0	+/<>	0	0

Stefna um flokkun landbúnaðarlands hefur á heildina litið jákvæð áhrif á samfélagið. Með framfylgd stefnunnar er stuðlað að því að landbúnaður geti blómstrað í sveitarfélaginu á komandi árum. Þrátt fyrir að settar séu skorður varðandi landnotkun á þeim jörðum sem hafa land í flokkum I og II á það ekki að hafa hamlandi áhrif fyrir t.a.m. uppbyggingu atvinnulífs þar sem víðast hvar er nægilegt landrými í flokk-

um III og IV á jörðum og á þeim svæðum eru rýmri heimildir til framkvæmda. Skoða má hvort votlendi/mýrlendi verði verndað sérstaklega þegar fyrir liggur skilgreining á því, en skv. lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013) njóta ákveðin vistkerfi s.s. votlendi yfir 2 ha sérstakrar verndar.

Niðurstaða sveitarstjórnar Kjósarhrepps er að áhrif af verndun góðs landbúnaðarlands í flokki I og II séu jákvæð til lengri tíma lítið. Það er í samræmi við stefnu stjórnvalda og landslög að standa vörð um gott ræktunarland svo nýta megi það til matvælaframleiðslu en gæta þarf að vernd vistkerfa s.s. votlendis þegar land er brotið til ræktunar.

4.3.4 Byggingar á landbúnaðarlandi

Stefna aðalskipulags fyrir landbúnaðarsvæði er sett fram í kafla 2.3.1 í greinarðgerð. Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að hafa fjölbreytta atvinnustarfsemi sem ekki tengist landbúnaði s.s. verkstæði eða gistiheimili og byggja allt að 500 m² húsnæði fyrir slíka starfsemi án þess að breyta aðalskipulagi.

Þá er heimilt að reisa stök íbúðarhús, skv. kafla 2.3.9 í greinargerð, á landbúnaðarsvæðum, sem ekki tengjast búrekstri, á 0,5 – 10 ha landspildum. Einnig er heimilt að reisa stök frístundahús á 0,3 – 1,0 ha lóðum. Heimilt er að undangengnu deiliskipulagi/grenndarkynningu að byggja stök mannvirki á landbúnaðarsvæðum, að jafnaði utan landbúnaðarlands í flokkum I og II sbr. kafla 2.3.9 í greinargerð. Slíkar framkvæmdir gætu verið heimilaðar innan góðs landbúnaðarlands í flokkum I og II í þeim tilvikum sem framkvæmdir eru í góðum tengslum við núverandi bæjartorfur/samgöngur. Þá kann einnig að vera nauðsynlegt að heimila framkvæmdir vegna nýtingar landbúnaðarlands og því verður aldrei um byggingabann að ræða. Stefnt er að því að uppbygging verði sem næst núverandi vegum og veitukerfum, en þó þannig að forðast sé að leggja verndarsvæði eða gott landbúnaðarland undir framkvæmdir.

Valkostir

- Valkostur I – Byggingarheimildir á landbúnaðarlandi rýmkaðar. Byggingar skulu að jafnaði reistar í tengslum við núverandi mannvirki/vegi og veitukerfi og utan landbúnaðarlands í flokki I og II.
- Valkostur II – núll kostur. Heimilt er að reisa allt að 5 íbúðarhús og 3 frístundahús á jörð og hafa byggingar sem tengjast minniháttar verktakastarfsemi. Íbúðarhús skulu vera í grennd við hvort annað.

Umhverfismat

Valkostur I

Áhrif stefnunnar á náttúru eru metin óveruleg en gróður gæti orðið fyrir áhrifum vegna jarðrasks. Áhrif á landslag og ásýnd eru metin óveruleg en stefnan er ekki líkleg til að hafa áhrif á byggðamynstur dreifbýlisins þar sem mannvirki verða í námunda við önnur hús. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð þar sem stefnan stuðlar að eflingu byggðarinnar, íbúafjölgun og aukinni fjölbreytni og nýsköpun í atvinnulífi með heimild til uppbyggingar ýmskonar atvinnustarfsemi. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin óveruleg en aukin umferð á einstökum svæðum getur dregið úr umferðaröryggi og haft áhrif á loftgæði og hljóðvist. Áhrif á minjar gætu orðið einhver þar sem minjar og verndarsvæði gætu orðið fyrir áhrifum vegna aukinna umsvifa á svæðum. Hins vegar eru líkurnar fremur litlar vegna helgunarsvæðis minja og áhrifin eru því metin óveruleg.

Valkostur II

Heimild til uppbyggingar íbúðarhúsa á bújörðum er takmörkuð við 5 hús og því er ólíklegt að um umtalsverða uppbyggingu verði að ræða. Stefnan gæti því staðið í vegi fyrir fjölgun íbúa. Þá eru ekki settar skorður við byggingu húsa á góðu landbúnaðarlandi.

Stefnan er talin hafa óveruleg áhrif á náttúru en gróður gæti orðið fyrir áhrifum vegna jarðrasks. Áhrif á landslag og ásýnd eru jafnframt talin vera óveruleg og vegna þess hve húsín eru fá á hverjum bæ er ekki líklegt að þau hafi áhrif á byggðamynstur. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð og neikvæð þar sem stefnan heimilar takmarkaða uppbyggingu vegna nýrrar atvinnustarfsemi en kann að halda aftur af íbúafjölgun þar sem fjöldi íbúðarhúsa á hverri jörð er takmarkaður. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin engin/lítill.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	<>	<>	+	<>	<>
Valkostur II	<>	<>	+/-	0	0

Í heild hefur stefna um byggingarheimildir á landbúnaðarlandi jákvæð eða óveruleg áhrif á umhverfisþætti. Stefna sveitarstjórnar er að mannvirki skuli reist sem næst núverandi mannvirkjum en það er hagkvæmara fyrir rekstur veitna og vega. Þá er einnig stefnt að eflingu byggðar og atvinnulífs og rýmri heimildum til uppbyggingar er ætlað að stuðla að því og einfalda íbúum að byggja upp atvinnurekstur. Horfið er frá því að takmarka fjölda íbúðarhúsa á hverri jörð enda er það talið geta staðið í vegi fyrir íbúafjölgun í sveitarfélaginu.

4.3.5 Skógrækt

Stefna aðalskipulags fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði er sett fram í kafla 2.3.2 í greinargerð. Stefnbreyting er gerð varðandi samfellda skógrækt en hún er ekki heimiluð á landbúnaðarlandi í flokki I og II en getur verið í jaðri svæða. Stefnt er að áframhaldandi endurheimt landgæða með uppgræðslu lands en forðast að skerða gildi minja og verndarsvæða. Samkvæmt viðauka I í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum fellur uppgræðsla á verndarsvæðum undir tl. 1.08 og er því tilkynningaskyld framkvæmd, í flokki B.

Stefnan er talin hafa óveruleg áhrif á náttúru þrátt fyrir, að með tilkomu skógar, geti sú gróðurþekja og tegundaval sem fyrir er breyst allnokkuð. Áhrif á landslag og ásýnd eru metin óveruleg eða neikvæð þar sem skógur breytir ásýnd svæða m.a. birtuskilyrðum og hefur áhrif á náttúrulegt landslag en stærð og staðsetning skógræktarsvæða skiptir mestu máli þegar meta á hversu umfangsmikil áhrifin eru. Áhrif skógræktar á samfélag eru metin jákvæð þar sem skógrækt getur bætt lífsgæði íbúa vegna skjóls, einnig bindur skógur kolefni. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin jákvæð en skógrækt stuðlar að bættum loftgæðum og dregur úr hættu af völdum náttúruvárs vegna veðurs s.s. hvössum vindhviðum. Stefnan er ekki talin hafa áhrif á minjar þar sem taka þarf tillit til helgunarsvæðis þeirra. Áhrif á minjar eru því metin óveruleg.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	<>	<>/-	+	+	<>

Stefna um skógrækt er talin hafa óveruleg eða neikvæð áhrif á náttúru og ásýnd svæða og því er mikilvægt að hugað sé vel að staðsetningu svæðanna. Stefnan er talin hafa fremur jákvæð áhrif fyrir byggð í sveitarfélaginu þar sem flokkun landbúnaðarlands verður lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum varðandi skógrækt. Stefna sveitarstjórnar er að skógrækt verði eflað til útivistar, skjóls og landbóta en jafnframt að hugað verði vel að staðsetningu skógræktarsvæða og þau spilli ekki útsýni, náttúru- eða söguminjum.

4.3.6 Verslun- og þjónusta

Stefna aðalskipulags fyrir verslunar- og þjónustusvæði er sett fram í kafla 2.3.3 í greinargerð. Ætla má að samhliða fjölgun ferðamanna á landinu og með endurbótum á Kjósarskarðsvegi aukist umferð um svæðið og þar með eftirspurn eftir gistirými í sveitarfélaginu og jafnvel frekari þjónustu. Verslunar- og þjónustusvæðum er ætlað að bregðast við fjölgun ferðamanna en t.a.m. eru það fáir gististaðir í Kjósarhreppi að tölur yfir gistinætur í sveitarfélaginu eru ekki fáanlegar frá Hagstofunni.

Eitt verslunar- og þjónustusvæði fellur út og fjögur ný svæði eru sett inn. Gert er ráð fyrir verulegri uppbyggingu í Hvammsvík, umfram það sem er í gildandi skipulagi, m.a. uppbyggingu hótels og stækkun golfvallar. Við vinnu aðalskipulagsins var gert ráð fyrir að byggt yrði hótél fyrir allt að 150 manns í Hvammsvík. Sveitarstjórn leggur áherslu á hóflega uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og því var ákveðið að heimila gistingu fyrir allt að 50 manns á svæðinu. Einnig er gert ráð fyrir hóteli á Þúfu með gistingu fyrir allt að 50 manns. Þá er gert ráð fyrir uppbyggingu gistiheimilis í Eilífsdal með gistingu

fyrir allt að 20 manns og á Hjalla fyrir allt að 50 manns. Loks er gert ráð fyrir að í Félagsgarði verði byggð upp aðstaða í tengslum við mögulegt tjaldsvæði.

Hótelbygging er tilkynningaskyld framkvæmd sbr. lið 12.05 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Valkostir

- Valkostur I – uppbygging hótela og gistiheimila, ný gisting fyrir allt að 170 gesti.
- Valkostur II – núll kostur. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu né möguleika á fjölgun gesta.

Umhverfismat

Valkostur I

Áhrif stefnunnar á umhverfisþáttinn náttúru eru metin óveruleg eða neikvæð en gróður gæti orðið fyrir áhrifum vegna jarðrasks auk þess sem meiri átroðningur getur fylgt auknum umsvifum. Byggingar hafa alltaf áhrif á ásýnd svæða en áhrifin eru metin óveruleg þar sem þær verða í námunda við núverandi byggingar. Stefnan er talin geta haft áhrif á byggðamynstur og yfirbragð svæða en þar sem gestafjöldi er takmarkaður á hverjum stað er ekki líklegt að byggingarnar verði mjög stórar og því eru áhrifin talin vera óveruleg. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð þar sem stuðlað er að eflingu atvinnulífs og bættri þjónustu fyrir íbúa og gesti. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin neikvæð þar sem dregið getur úr umferðaröryggi í kjölfar stefnunnar og áhrif á loftgæði og hljóðvist geta einnig orðið neikvæð með aukinni umferð. Áhrif á minjar eru metin óviss þar sem minjar og verndarsvæði gætu orðið fyrir áhrifum vegna aukinna umsvifa og fjölgunar gesta.

Valkostur II

Gert er ráð fyrir að verslun og þjónusta verði með svipuðum hætti og verið hefur í sveitarfélaginu og ekki er stefnt að fjölgun gistirýma eða bættri þjónustu við íbúa og ferðamenn.

Stefnan er talin hafa neikvæð áhrif á samfélag þar sem ekki er stuðlað að atvinnuuppbyggingu og bættri þjónustu við íbúa og gesti. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin engin/lítill.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	<>/-	<>	+	-	?
Valkostur II	0	0	-	0	0

Stefna um verslun og þjónustu er talin hafa óveruleg eða neikvæð áhrif á náttúru, landslag og ásýnd og heilsu, vellíðan og öryggi en jákvæð áhrif fyrir samfélagið. Bæði íbúar og gestir njóta góðs af uppbyggingu tengdri verslun- og þjónustu, atvinnulíf eflist og líklegt er að byggðin styrkist í kjölfarið. Stefna sveitarstjórnar er að stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum í sveitarfélaginu og efla þau atvinnutækifæri sem fyrir eru. Fjölgun gistisplássu bætir þjónustu við þá ferðamenn sem fara um svæðið en nýtist einnig íbúum. Auk þess getur stefnan leitt til aukinnar eftirspurnar eftir ýmis konar annarri þjónustu og afþreyingu á svæðinu.

4.3.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Stefna aðalskipulags fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði er sett fram í kafla 2.3.4 í greinargerð. Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru einkum afmörkuð þar sem um er að ræða staði sem ætlaðir eru ferðafólki til að staldra við s.s. við fossa og aðra áhugaverða staði. Skilgreindir eru fimm staðir í þessum landnotkunarflokki sem allir eiga það sameiginlegt að vera tilgreindir sem sérlega áhugaverðir viðkomustaðir skv. kortlagningu Ferðamálastofu á auðlindum ferðaþjónustunnar. Á öllum stöðunum er nú þegar áningaraðstaða þó hún sé misgóð eftir svæðum t.a.m. eru bílastæði við Þórufoss og Laxárbrú. Mikið er t.a.m. stoppað við Laxárbrú og vilji er til þess að gera svæðið meira aðlaðandi. Umferð ferðafólks mun að öllum líkindum aukast á komandi árum samhliða lagfærinu Kjósarskarðsvegur og fjölgun ferðamanna á landinu öllu, sbr. greiningu Arion banka o.fl. aðila. Á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum er gert

ráð fyrir heimild til að gera bílastæði og göngustíga auk þess að byggja allt að 35 m² þjónustuhús og setja upp upplýsingaskilti um svæðið.

Valkostir

- Valkostur I – afþreyingar- og ferðamannasvæði skilgreind og mörkuð stefna um uppbyggingu á svæðunum.
- Valkostur II – núll kostur. Ekki gert ráð fyrir nýjum áningarstöðum né uppbyggingu á núverandi stöðum.

Umhverfismat

Valkostur I

Stefnan er talin hafa jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn náttúru þar sem bætt aðstaða getur stuðlað að vernd gróðurs á svæðunum. Byggingar hafa alltaf áhrif á ásýnd svæða en lögð verður rík áhersla á að vandað verði til verka við hönnun og frágang þeirra svo þau falli sem best að landslagi og valdi sem minnstum áhrifum á ásýnd. Áhrifin eru því metin óveruleg. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin jákvæð en bætt aðstaða á afþreyingar- og ferðamannastöðum er líkleg til að auka öryggi gestanna og stuðla að bættum möguleikum til útivistar. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin engin/lítill.

Valkostur II

Svæðin sem skilgreind eru sem afþreyingar- og ferðamannasvæði eru vinsælir áningarstaðir og munu að öllum líkindum verða það áfram. Ekki er gert ráð fyrir viðhaldi svæðanna eða uppbyggingu á þeim. Stefnan er talin hafa neikvæð áhrif á náttúru en vegna fjölgunar ferðamanna hafa svæði látið á sjá vegna átrottnings og skorts á aðstöðu. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin neikvæð en skortur á aðstöðu s.s. göngustígum og merkingum getur haft áhrif á öryggi gesta á svæðunum. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin engin/lítill.

Niðurstaða


	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	+	<>	0	+	0
Valkostur II	-	0	0	-	0

Stefna um afþreyingar- og ferðamannasvæði er á heildina litið talin hafa fremur jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Sveitarstjórn leggur áherslu á að hugað verði að öryggismálum á ferðamannastöðum og vandað verði til uppbyggingar á svæðunum. Bætt aðstaða á áningarstöðum stuðlar að vernd náttúrunnar en skortur er á aðstöðu við helstu áningarstaði s.s. hreinlætisaðstöðu. Fjölgun ferðamanna á svæðunum getur haft neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir svæðin. Því vill sveitarstjórn sporna gegn og stuðla að því að á áningarstöðum verði komið upp góðum bílastæðum, göngustígum og þjónustuhúsi sem nýtist jafnt ferðamönnum og íbúum. Þá er einnig þörf á að bæta öryggi og merkingar á áningarstöðum.


4.3.8 Íþróttasvæði

Stefna aðalskipulags fyrir íþróttasvæði er sett fram í kafla 2.3.6 í greinargerð. Hugmyndir eru uppi um nokkuð umfangsmikla uppbyggingu í Hvammsvík, þ.m.t. stækkun golfvallarins. Vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið getur stækkun hans nýst höfuðborgarbúum sem og íbúum sjálfum. Uppbygging á svæðinu og þar með talin stækkun golfvallarins er talin styrkja stoðir svæðisins og hafa jákvæð áhrif á samfélagið með atvinnusköpun og fjölgun afþreyingarmöguleika fyrir íbúa og ferðafólk. Ráðstöfun lands undir golfvöll er ekki varanleg því landið er afturkræft til ræktunar, standi vilji til þess. Þá getur uppbyggingin haft í för með sér bætt nýtingu á annarri þjónustu og afþreyingu í sveitarfélaginu.

Uppbygging golfvallar er tilkynningaskyld framkvæmd sbr. lið 12.10 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Golfvöllur í Hvammsvík

Mynd 8. Valkostur I.



Mynd 9. Valkostur II – núll kostur.

Umhverfismat

- Valkostur I – átján holu golfvöllur á um 68 ha landsvæði beggja vegna Hvalfjarðarveggar.
- Valkostur II – núll kostur. Níu holu golfvöllur á um 27 ha landsvæði.

Valkostur I

Áhrif stefnunnar á umhverfispáttinn náttúru eru metin óveruleg en sá gróður sem fyrir er á svæðunum getur orðið fyrir áhrifum. Áhrif á ásýnd eru metin óveruleg þar sem golfvöllur er á svæðinu en stækkun golfvallar mun hafa áhrif á náttúrulegt landslag þar sem því verður breytt, en talið er að áhrifin verði óveruleg. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð þar sem golfvöllurinn kemur til með að nýtast jafnt íbúum sem og gestum og stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi og afþreyingu. Hluti svæðisins er á landbúnaðarlandi í flokki II. Golfvöllur er afturkræf framkvæmd að því leyti að unnt er að nýta svæðið til landbúnaðar seinna meir. Þar sem svæðinu er ekki ráðstafað til annarra nota en landbúnaðar með óafturkræfum hætti eru áhrif á landnotkun metin óveruleg. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin jákvæð og neikvæð en stefnan getur hvatt til útivistar og hreyfingar en um leið getur hún haft neikvæð áhrif á hljóðvist og loftgæði þar sem umferð getur aukist og dregið úr umferðaröryggi. Áhrif á minjar eru metin engin/lítill.

Valkostur II

Á svæðinu er skilgreindur golfvöllur en ekki er gert ráð fyrir stækkun hans. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð en rekstur golfvallar skapar fjölbreytni í atvinnulífi og nýtist íbúum jafnt sem gestum. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin jákvæð þar sem stefnan getur hvatt til útivistar og hreyfingar. Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin engin/lítill.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	<>	<>	+/<>	+/-	0
Valkostur II	0	0	+	+	0

Stefna um íþróttasvæði er á heildina litið talin hafa óveruleg eða jákvæð áhrif á umhverfispætti. Stefna sveitarstjórnar er að byggð verði upp fjölbreytt íþróttaaðstaða í sveitarfélaginu og íþróttamannvirkjum verði fjölgað ef þörf krefur. Stefnan styður því við stefnu sveitarstjórnar en bætt íþróttaaðstaða mun nýtast jafnt íbúum og gestum.

4.3.9 Stakar framkvæmdir

Stefna aðalskipulagsins fyrir stakar framkvæmdir er sett fram í kafla 2.3.9 í greinargerð. Stefnumbreyting er gerð varðandi stakar framkvæmdir þar sem þær eru heimilaðar víðar en á landbúnaðarsvæðum og stærð vindrafstöðva er breytt. Í kafla 4.3.4 er gerð grein fyrir stökum frístunda- og íbúðarhúsum á landbúnaðarlandi en einnig eru eftirtaldar framkvæmdir heimilar án þess að breyta aðalskipulagi:

- Fjarskiptamöstur, allt að 20 m há.
- Vindrafstöðvar, allt að 20 m háar.
- Vatnsaflsvirkjun, allt að 200 kW, ásamt lögnum, vegum, miðlunarlóni og aðstöðuhúsi, allt að 15 m².
- Sólarsellur til eigin nota, allt að 100 m².
- Örvirkjanir, allt að 100 kW.
- Hitaveita og neysluvatn.
- Veitumannvirki s.s. spennistöð og dælustöðvar.
- Þjónustuhús og kynningaraðstaða við áningarstaði.

Samkvæmt gildandi skipulagi eru stakar framkvæmdir heimilar á landbúnaðarsvæðum, m.a. er heimilt að nýta sólar- og vindorku með allt að 3 MW uppsett rafafli, reisa fjarskiptasenda og byggja smávirkjanir allt að 200 kV. Stefnumbreyting er gerð varðandi stakar framkvæmdir þar sem þær geta átt við fleiri landnotkunarsvæði en landbúnaðarsvæði, t.d. frístundasvæði eða óbyggð svæði. Þá er sett hámarkshæð á vindrafstöðvar, allt að 20 m háar og sólarsellur geta verið allt að 100 m². Lögð er áhersla á að stök mannvirki, þ.e. þau mannvirki sem eru í takmörkuðum eða engum tengslum við skilgreinda landnotkun eigi ekki alls staðar við og því er mikilvægt að skoða hvert tilfelli fyrir sig. Nauðsynlegt er að slík uppbygging sé í samræmi við skipulag og að hagsmunaaðilar viti af fyrirhugaðri framkvæmd og geti komið með ábendingar eða athugasemdir. Því er gert ráð fyrir að stök mannvirki séu ávallt í samræmi við deiliskipulag eða fari í grenndarkynningu og eru eftir atvikum einnig háð framkvæmdaleyfi. Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum fellur stefna um vatnsaflsvirkjanir allt að 200 kW og vindrafstöðvar allt að 2 MW undir framkvæmdir í flokki C, sem tilgreindar eru í viðauka laganna.

Umhverfismat

- Valkostur I – heimilaðar eru stakar framkvæmdir.
- Valkostur II – núll kostur. Heimilt er að reisa smávirkjun (allt að 200 kW) og nýta sólar- og vindorku til raforkuframleiðslu á landbúnaðarsvæðum, með allt að 3MW uppsett rafafli.

Valkostur I

Áhrif á náttúru eru metin óveruleg eða neikvæð þar sem tiltekin mannvirki sem heimiluð eru í stefnunni geta haft óafturkræf áhrif á náttúru, dýralíf og vistkerfi. Áhrif stefnunnar á landslag eru metin óveruleg eða neikvæð þar sem tiltekin mannvirki sem heimiluð eru í stefnunni geta haft í för með sér varanlegar breytingar á landslagi. Áhrif stefnunnar á ásynd eru metin óveruleg eða neikvæð þar sem tiltekin mannvirki sem heimiluð eru í stefnunni geta sést langt að. Áhrif stefnunnar á samfélag eru metin jákvæð þar sem stuðlað er að bættum lífsgæðum íbúa. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin óveruleg eða neikvæð en tiltekin mannvirki sem heimiluð eru í stefnunni geta haft áhrif á hljóðvist í næsta nágrenni. Áhrif á minjar eru metin óveruleg en fremur lítil hættu er talin vera á að þær verði fyrir áhrifum af stefnunni.

Valkostur II – núll kostur

Samkvæmt gildandi skipulagi er heimilt að reisa virkjanir og vindrafstöðvar á landbúnaðarsvæðum. Stefnan er talin hafa óveruleg eða neikvæð áhrif á náttúru og landslag og ásynd en jákvæð áhrif á samfélag þar sem hún getur stuðlað að bættum lífsgæðum fyrir íbúana. Hins vegar getur verið hamlandi að framkvæmdir séu einungis heimilaðar á einum landnotkunarflokki og áhrifin eru því einnig metin neikvæð. Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin engin/lítill.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásjúnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	<>/-	<>/-/<>/-	+	<>/-	<>
Valkostur II	<>/-	<>/-	+/-	0	0

Stefna um stakar framkvæmdir er talin hafa margvísleg áhrif á umhverfispætti. Með stefnunni vill sveitarstjórn liðka fyrir minniháttar framkvæmdum með því að heimila þær án þess að þær þurfi að fara í skipulagsferli. Stefna sveitarstjórnar er að efla byggð og atvinnulíf og stefnan styður við það með því að heimila uppbyggingu sem er m.a. til þess fallin að stuðla að bættum lífsgæðum og öryggi íbúa og/eða gesta.

4.3.10 Efnistökusvæði

Stefna aðalskipulags fyrir efnistöku- og efnislosunarsvæði er sett fram í kafla 2.3.10 í greinargerð. Víða er að finna hentug jarðefni til efnistöku enda eru allmörg svæði skilgreind sem efnistökusvæði í sveitarfélaginu. Flest þeirra eru innan vatnasviðs Laxár, Brynjudalsár, Dælisár og Bugðu en nokkur svæði eru við Hvalfjarðarveg. Vegna þess hve stór hluti sveitarfélagsins er á náttúruminjaskrá þá eru mörg efnistökusvæði innan verndarsvæðis. Gerðar eru ítarlegar kröfur til þeirra efnistökusvæða sem lenda innan verndarsvæðis.

Efnistaka úr ám er heppileg að því leyti að framburður endurnýjar svæðið á tiltölulega skömmum tíma en við laxveiðiár, eins og Laxá þarf að vanda vel til framkvæmdar, annars vegar vegna mögulegra áhrifa á búsvæði og hins vegar vegna röskunar á rennsli/farvegum auk gruggs sem kann að vera á framkvæmdatíma. Í sumum tilfellum kann efnistaka úr ám að vera æskileg til að sporna gegn landbroti. Þegar slík efnistaka hefur bein áhrif á Laxá skal vinna áætlun um framkvæmdir í samráði við Veiðifélag Laxár og leitast við að tímasetja framkvæmdir þannig að þær hafi lágmarks áhrif á fiskgegnd og veiði í ánni.

Í aðalskipulaginu eru 39 efnistökusvæði afmörkuð á uppdrætti. Nokkur ný svæði eru sett inn en þau eru öll á bújörðum og eiga það sameiginlegt að þar hefur farið fram efnistaka, öll eru þau ætluð til einkanota og umfang þeirra er lítið. Lögð er áhersla á að allar námur á verndarsvæðum, þ.m.t. strandsvæðum, hafi framkvæmdaleyfi þar sem m.a. komi fram hvernig staðið verði að nýtingu námunnar. Stefna sveitarfélagsins er að stuðlað verði að nægu framboði efnistökusvæða og æskilegt sé að þau séu nálægt notkunarstað.

Metið er að stefna um efnistökusvæði hafi fremur neikvæð áhrif á náttúru þar sem öll efnistaka hefur í för með sér jarðrask. Hins vegar getur efnistaka úr ám verið nauðsynleg til að sporna gegn landbroti áa þar sem framburður hækkar vatnsyfirborð og því getur hún haft jákvæð áhrif á gróður og náttúrulegt landslag hvað það varðar. Hins vegar breytir efnistaka í flestum tilvikum náttúrulegu landslagi og áhrif á það eru því metin neikvæð. Áhrif á ásjúnd svæða eru einkum neikvæð á framkvæmdatíma. Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin óveruleg eða engin/lítill.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásjúnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	-/+	+/-/(-)	+/<>	0	0

Stefna um efnistökusvæði er talin hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfispætti og þá einkum á náttúru, landslag og ásjúnd og samfélag. Stefna sveitarstjórnar er að stuðla að nægu framboði efnistökusvæða, gott framboð af efni dregur úr efnisflutningum og þar með losun kolefnis, sem af þeim skapast. Stefnan styður við stefnu sveitarstjórnar þar sem 39 efnistökusvæði eru sett inn á skipulagið. Mörg hver eru á áreyrum eða í námunda við ár og lögð er áhersla á að heimild til efnistöku úr ám verði veitt í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi. Möркуð efnistökusvæði eru mörg hver eingöngu til heimanota. Í Skipulagslögum nr. 123/2010 er minniháttar efnistaka heimil landeiganda til eigin nota, utan verndarsvæða, en það er vilji sveitarstjórnar að hafa efnistökusvæðin á skipulagi. Lögð er áhersla á að efnistökusvæði hafi framkvæmdaleyfi og gerðar eru ítarlegri kröfur til efnistökusvæða sem eru á verndarsvæðum. Huga þarf sérstaklega að góðum undirbúningi og umgengni á efnistökusvæðum á

verndarsvæðum s.s. við árnar. Hafa ber í huga að efnistaka úr ám er að mestu leyti sjálfbær þar sem ár bera fram efni og við ströndina þar sem efni berst á land.

4.3.11 Strandsvæði

Stefna aðalskipulags fyrir strandsvæði er sett fram í kafla 2.4.2 í greinargerð. Strandlengja Hvalfjarðar sunnan megin er innan Kjósarhrepps og byggð er víða stutt frá ströndinni. Strandsvæði er nýr landnotkunarflokkur og afmörkuð eru þrjú strandsvæði í endurskoðuðu aðalskipulagi. Við endurskoðun aðalskipulagsins var í fyrstu rætt um að skilgreina alla strandlengjuna sem strandsvæði en síðar var horfið frá því, m.a. þar sem í skilgreiningu Skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 fyrir strandsvæði er kveðið á um að þar skuli aðgengi almennings vera tryggt. Öll svæðin eiga það sameiginlegt að aðgengi að þeim er mjög gott og þau eru öll á náttúruminjaskrá.

Stefnan er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfispáttinn náttúru þar sem mannvirkjagerð verður haldið í lágmarki og gróður, dýralíf og vistkerfi ættu því ekki að verða fyrir miklum áhrifum vegna þess. Hins vegar getur aukin umferð um svæðin haft neikvæð áhrif á náttúru og því er mikilvægt að settar verði umgengnisreglur á svæðunum. Áhrif stefnunnar á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin jákvæð þar sem verndun svæðanna stuðlar að því að svæðin nýtist áfram til útivistar fyrir íbúa og gesti. Áhrif á minjar og verndarsvæði eru metin óveruleg en öll svæðin eru á náttúruminjaskrá og þekkt minjasvæði eru innan svæðis ST2. Stefnan gerir ráð fyrir bættum merkingum á svæðum og það er líklegt til að stuðla að vernd minjasvæða. Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin engin/lítill.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	<>/-	0	0	+	<>

Stefna um strandsvæði er talin hafa óveruleg eða jákvæð áhrif á umhverfispætti. Stefna sveitarstjórnar er að standa vörð um þá sérstöðu og aðdráttarafl sem sveitarfélagið býr yfir og stuðla að varðveislu náttúru, sögu- og menningarminja. Stefnan styður við markmið sveitarstjórnar þar sem gert er ráð fyrir bættum merkingum á svæðunum og að þau verði aðgengileg til útivistar.

4.3.12 Samgöngur

Stefna fyrir samgöngur er sett fram í kafla 2.5 í greinargerð aðalskipulagsins. Áfram verður unnið að endurbótum á núverandi vegakerfi og er æskilegt að lagt verði bundið slitlag á helstu meginleiðir innan sveitarfélagsins til að bæta vegi og minnka rykmengun og óþægindi sem því fylgja fyrir íbúa. Lögð verður áhersla á aukið öryggi í umferðinni og m.a. þarf að skoða sérstaklega svæðið norðan Meðalfellsvatns en þar er þröngt vegsvæði innan frístundabyggðarinnar. Vilji er til að efla almenningssamgöngur í sveitarfélaginu líkt og stefnt er að í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 en íbúum gefst ekki kostur á að nýta sér þær innan sveitarfélagsins. Metið er að stefnan hafi jákvæð áhrif á umhverfispættina samfélag og heilsu, vellíðan og öryggi þar sem stuðlað er að bættum lífsgæðum fyrir íbúa og bættu umferðaröryggi og lofgæðum. Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin engin/lítill.

Lögð er áhersla á að bæta göngu- og reiðleiðir í samstarfi við hagsmunaaðila en engar nýjar meginleiðir eru settar inn á skipulag.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	0	0	+	+	<>

Stefna um samgöngur er talin hafa fremur jákvæð áhrif á samfélagið í heild þar sem megináhersla er lögð á að bæta núverandi vegakerfi. Stefna sveitarstjórnar er að leita hagkvæmra lausna í samgöngum og stuðla að bættu umferðar- og rekstraröryggi innan byggðarinnar. Lögð er áhersla á að vegir verði lagðir með bundnu slitlagi. Stefnan styður við stefnu sveitarstjórnar þar sem ekki er gert ráð fyrir nýjum

vegum en bæta verður núverandi vegakerfi til að auka öryggi. Auk þess að stika/merkja megin göngu- og reiðleiðir.

4.4 TILKYNNINGA- EÐA MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR Á SKIPULAGSTÍMABILINU

Engar matsskyldar framkvæmdir eru fyrirhugaðar sbr. reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum, byggð á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í viðauka I er framkvæmdum skipt í þrjá flokka; A- matsskyld framkvæmd, B tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar og C tilkynningaskyld til sveitarfélags.

Stefna	Tilkynningaskyld	Skilgreining framkvæmda skv. lögunum.
Stækkun golfvallar í Hvammsvík	B	Golfvellir.
Hótel í Hvammsvík	B	Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis.
Hótel í Þúfu	B	Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis.
Námur	B	Efnistaka og/eða haugsetning á verndarsvæðum.
Uppgræðsla á verndarsvæðum	B	Uppgræðsla á verndarsvæðum.

Ekki er gerð grein fyrir flokki C – tilkynningaskyld til sveitarfélags.

5 HEIMILDIR

- Alþingi Íslands. (2006). Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Retrieved from <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006105.html>
- Alþingi Íslands. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 (2015). Iceland. Retrieved from <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>
- Björn Ingi Sveinsson. (2002). *Nýr íslenskur álagstuðull vegna jarðskjálfta*. Mannvit. Retrieved from <http://mannvit.is/Mannvit/Frettir/Allarfrettir2011/Frettinoll/157>
- DataMarket. (2015). Retrieved from <https://datamarket.com/data/set/w9o/buferlaflutningar-eftir-sveitarfelogum-og-kyni-1986-2014#ids=w9o!2e=4aj:2f=4c1:2h=4cu:2i&display=line>
- Ferðamálastofa. (2015). Kortlagning auðlinda - mögulegir viðkomustaðir. Retrieved October 18, 2016, from <http://www.ferdamalastofa.is/is/samstarf-og-markadir/kortlagning-audlinda>
- Ferðamálastofa. (2016). *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum, maí 2016*. Reykjavík. Retrieved from http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2016/juni/ferdatjon_tolum_16.pdf
- Gísli Sigurðsson. (1998). *Fjallajarðir og framafréttur Biskupstungna. Árbók Ferðafélags Íslands 1998*. Ferðafélag Íslands.
- Greiningardeild Íslandsbanka. (2016). *Íslensk ferðapjónusta*. Retrieved from [https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Fyrirtaeki/Ferdathjonustuskysla 2016.pdf](https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Fyrirtaeki/Ferdathjonustuskysla%202016.pdf)
- Hagstofa Íslands. (2016). Hagstofa Íslands. Retrieved from http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelog/MAN02001.px/
- Hagstofa Íslands. (2017). *Íbúafjöldi*. Retrieved from http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi
- Landlínur. (2005). *Kjósarhreppur Aðalskipulag 2005-2017*.
- Laxá í Kjós. (2016). Retrieved from http://www.hreggnasi.is/index.php?option=com_content&view=article&id=21&Itemid=230
- Morgunblaðið. (1972). Allt á floti í Kjósinni. *Morgunblaðið* 24. Febrúar 1972. Retrieved from http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=1429009
- Ögmundur Einarsson; Guðjón Guðmundsson; Guðmundur Tryggvi Ólafsson; Hrefna Bryndís Jónsdóttir. (2015). *Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005 - 2020* (Vol. 1).
- Ólafur Jónsson Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason. (1992). *Skríður og snjóflóð*. Bókaútgáfan Skjaldborg.
- Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson, & Páll Halldórsson. (2000). Jarðskjálftarnir miklu á Suðurlandi 17. og 21. júní, 2000. Veðurstofa Íslands. <http://doi.org/VÍ-G00011-JA05>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2015). *Árbók sveitarfélaga 2015*.
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. (2015). Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040, 1–112.
- Skipulagsstofnun. (2007). *Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana*. Reykjavík. Retrieved from <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. (2016). Retrieved from <http://www.shs.is/um-okkur/frettir.html>
- Strætó bs. (2016). Retrieved from <http://www.straeto.is/um-straeto/allt-um-straeto/hlutverk/>
- Veðurstofa Íslands. (2016). Veðurstöðvar. Retrieved February 24, 2016, from <http://www.vedur.is/vedur/stodvar/?t=2#sudurland>
- Veðurstofa Íslands. (2018). Vindatlas. <http://vindatlas.vedur.is/>
- Vegagerðin. (2016). Umferðartölur 2016. Retrieved January 1, 2017, from <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/>